

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNASTOFNUN
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

GREINING Á HÚSNÆÐISÞÖRFUM MENNINGARSTARFSEMI VEGNA TILLAGNA UM MÖGULEGT LISTA- OG MENNINGARHÚS Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

September 2008

Netútgáfa

Valtýr Sigurbjarnarson

Hjalti Jóhannesson

Skýrsla unnin fyrir Sveitarfélagið Árborg

EFNISYFIRLIT

	Bl.
1	HELSTU NIÐURSTÖÐUR..... 3
2	INNGANGUR..... 5
3	SKIPULAGSMÁL, STEFNUMÓTUN OG HUGTÖK 8
3.1	SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG..... 8
3.2	SKIPULAGSMÁL Í ÁRBORG 9
3.3	HUGTAKIÐ MENNING 11
3.4	STEFNUMÓTUN Á SVIÐI MENNINGARMÁLA 12
3.5	ÍBÚAÞINGIÐ „BRÚ MILLI BYGGÐA“ 15
4	SKYLDUR SVEITARFÉLAGS..... 17
4.1	LÖGBUNDNIR ÞÆTTIR 17
4.2	SAMFÉLAGS- OG EFNAHAGSLEGIR ÞÆTTIR..... 18
5	NÚVERANDI AÐSTADA FYRIR MENNINGARSTARFSEMI..... 20
5.1	LEIKLIST 20
5.2	RITLIST 20
5.3	SJÓNLIST 21
5.4	TÓNLIST..... 22
5.5	SÖFN OG SÝNINGAR 23
5.6	HÓTEL SELFOSS..... 24
5.7	MENNINGARVERSTÖÐIN HÓLMARÖST 25
5.8	SAMANTEKT 26
6	SJÓNARMÍÐ OG TILLÖGUR VIÐMÆLENDNA 29
6.1	LEIKLIST 29
6.2	RITLIST 29
6.3	SJÓNLIST..... 30
6.4	TÓNLIST..... 31
6.5	SÖFN OG SÝNINGAR 32
6.6	HÓTEL SELFOSS..... 32
6.7	MENNINGARVERSTÖÐIN HÓLMARÖST 33
6.8	SAMANTEKT 34

7	TILLÖGUR SKÝRSLUHÖFUNDA	36
7.1	ALMENNAR TILLÖGUR	36
7.2	LEIKLIST	38
7.3	RITLIST	39
7.4	SJÓNLIST	41
7.5	TÓNLIST	42
7.6	SÖFN OG SÝNINGAR	43
7.7	HÓTEL SELFOS - MENNINGARSALUR	44
7.8	MENNINGARVERSTÖÐIN HÓLMARÖST	45
7.9	NÝTT MENNINGARHÚS	46
7.10	VERK- OG AÐGERÐAÁÆTLUN	49
	HEIMILDIR	51
	VIÐMÆLENDASKRÁ.....	52

MYNDIR OG TÖFLUR

		Bls.
Mynd 1.	Skýringaruppráttur og hugmyndir að starfsemi við torg í miðbæ Selfoss í deiliskipulagi miðbæjarins	10
Tafla 1.	Samantekt yfir helsta húsnæði í sveitarfélaginu sem notað er undir menningarstarfsemi, flokkað eftir listgreinum	26
Tafla 2.	Samantekt yfir sjónarmið fulltrúa einstakra listgreina.	34

1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg standi fyrir byggingu á nýju fjölnota húsi fyrir menningarstarfsemi í miðbæ Selfoss. Söfnin sem nú eru í Ráðhúsinu við Austurveg 2 verði burðarásinn í starfseminni, en einnig verði hugsað fyrir þörfum ýmissa listgreina og menningarviðburða.

Lagt er til að gamli Iðnskólinn, að Sigtúni 1 verði áfram samastaður og félagsheimili Leikfélags Selfoss. Það er vel við hæfi með vísan til stofnunar og sögu félagsins. Jafnframt verði hugsað fyrir því að í nýju fjölnota menningarhúsnaði í miðbæ Selfoss verði ákjósanleg aðstaða fyrir leiksýningar þegar slíkt hús verður byggt.

Lagt er til að aðstaða verði til myndlistarsýninga í nýju fjölnota húsi í miðbæ Selfoss. Einnig verði sýningaraðstaða í nýju fjölnota húsi sem hafi skírskotun til safnanna á Eyrarbakka og Stokkseyri. Með því skapast ákveðin tenging sem hvetur gesti og gangandi sem koma á Selfoss til að kynna sér nánar þá miklu menningu sem er að finna við ströndina.

Lagt er til að aðstaða verði fyrir tónlistarflutning í nýju fjölnota húsi í miðbæ Selfoss, þ.e. að við hönnun á samkomusal verði hljómburður skoðaður sérstaklega.

Lagt er til að samningurinn frá 2005 við Lista- og menningarverstöðina í Hólmaröst verði endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af því hvernig hann nýtist báðum samningaaðilum núna.

Lagt er til að rætt verði við eigendur menningarsalarins í Hótel Selfossi um samstarfssamning. Vegna margra óvissuþátta er ekki mælt með því að sveitarfélagið festi kaup á salnum, en til að stuðla að því að hann komist í notkun gæti verið mögulegt að semja við eigendur hans um tiltekin afnot til nokkurra ára og reyna þannig að tryggja frágang hans og rekstrargrundvöll, sbr. það sem gert var í Lista- og menningarverstöðinni í Hólmaröst. Með því móti væri sveitarfélagið ekki að binda fjármuni í kaupum á salnum og endurbótum á honum, heldur væri ábyrgðin í höndum eigenda hans með tilteknum möguleikum á samrekstri við hótelfstarfsemina.

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg hafi frumkvæði að viðræðum við stjórn sjálfseignarstofnunarinnar um Tryggvaskála, um það hvernig nýta megi húsið sem best með áherslu á listir, menningu og sögu staðarins, ásamt upplýsingagjöf.

2 INNGANGUR

Í Sveitarfélaginu Árborg hefur á undanförunum misserum staðið yfir vinna við stefnumótun í menningarmálum. Eitt af því sem þar hefur komið til umfjöllunar er hvort þörf sé á sérstöku húsnæði fyrir menningarstarfsemi í miðbæ Selfoss, s.k. lista- og menningarhúsi. Til að skjóta styrkari stoðum undir ákvarðanir þar að lútandi var í upphafi árs 2008 haft samband við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, RHA, og óskað eftir úttekt á stöðu húsnæðismála fyrir menningarstarfsemi og tillögum um aðgerðir á því sviði. Er þessi vinna gerð í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 17. október 2007, en í svari meirihluta bæjarstjórnar við fyrirspurn fulltrúa minnihluta kom m.a. eftirfarandi fram:

Kjarni málsins er ... sá að hefja skuli þá vinnu sem á endanum leiði til þess að í Árborg verði mjög góð aðstaða fyrir lista- og menningarstarfsemi af sem fjölbreyttasta tagi... Aðalatriðið er að íbúar sveitarfélagsins Árborgar komi til með að sitja við sama bord og íbúar nærliggjandi sveitarfél[aga] og sveitarfélagið sé fært um að bjóða upp á aðstöðu sem stuðli að frumkvæði í listsköpun og auknu framboði á menningarlegum atburðum.

Höfundar skýrslunnar eru Valtýr Sigurbjarnarson, sérfræðingur við RHA og Hjalti Jóhannesson sem er verkefnisstjóri, einnig sérfræðingur við RHA. Þá hefur Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, nútímafræðingur og meistaranemi í menningarstjórnnum við Háskólann á Bifröst komið að verkefninu með faglegum ábendingum og yfirlestri skýrslunnar.

Verkefnið felst í þarfagreiningu vegna hugmynda um byggingu undir menningarstarfsemi á Selfossi, sbr. meðal annars verðlaunatillögu eftir samkeppni um nýjan miðbæ Selfoss. Í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar 2008-2009, sem nýlega hefur verið samþykkt, er menning flokkuð í *leiklist, ritlist, sjónlist og tónlist*, en einnig eru tilgreindar reglulegar hátíðir, samkomur og viðburðir og söfn og sýningar, svo nefnd séu þau atriði sem einkum gætu snert menningarhúsnæði, gerð þess og stærð. Stefnumótun í þessum málaflokki er ætlað að gera starfið skilvirkara með því að samræma ýmsa þætti þess eftir föngum. Áherslur og helstu markmið stefnumótunarinnar og sú flokkun sem þar kemur fram er ráðandi um efnistökin í þessari skýrslu. Með því er litið til hvernar listgreinar fyrir sig og þarfa hennar, bæði þeirra sem við hana starfa og hinna sem njóta þess sem í boði er. Íbúum í sveitarfélaginu hefur fjölgað ört og allt bendir til þess að svo verði

áfram með aukinni þörf fyrir aðstöðu til margháttaðrar starfsemi í menningu og listum.

Parfagreiðingun byggir á úttekt á því lista- og menningarstarfi sem nú er til staðar í Sveitarfélaginu Árborg og því sem fyrirsjáanlega mun bætast við á næstu árum. Ýmsar upplýsingar eru tiltækar bæði í prentuðu formi en í meira mæli á netinu og þær hafa verið notaðar til að meta núverandi stöðu. Þá byggist matið einnig á viðtölum við forsvarsmenn einstakra listgreina, sveitarfélagsins og ýmissa stofnana á svæðinu til að fá fram afstöðu þeirra sem bera hitann og þungann af fjölbreyttu menningarstarfi í sveitarfélaginu.

Mikið af húsnæði er til staðar í Árborg sem er notað fyrir menningarstarfsemi að öllu leyti eða að hluta. Sumt af því er hannað og byggt fyrir tiltekna starfsemi, en annað hefur verið endurskipulagt og fengið nýtt hlutverk í kjölfar atvinnuháttabreytinga. Í skýrslunni er lagt mat á það húsnæði sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu. Skoðað er hvaða menningarstarfsemi býr við góðan kost og jafnframt hvar helst er úrbóta þörf.

Við vinnslu þessarar skýrslu var lagt upp með nokkur meginatriði og verður hér gerð grein fyrir þeim og skipulagi skýrslunnar:

Í 3. kafla er skoðaður sá rammi sem stefnumótun sveitarfélagsins skapar í raun þessari þarfagreiðingu. Hér er einkum um að ræða deiliskipulag miðbæjar, auk þeirrar menningarstefnu sem sveitarfélagið lauk við í janúar 2008.

Í 4. kafla er fjallað um lögbundnar skyldur sveitarfélaga hvað varðar húsnæði fyrir menningarstarfsemi, svo og ýmsar ólögboðnar skyldur sem kosið er að kalla hér samfélags- og efnahagslega þætti.

Í 5. kafla er lýsing á núverandi aðstöðu fyrir menningarstarfsemi, hvaða starfsemi sé að finna á hverjum stað og hvernig aðstaðan fyrir menningarstarfsemi sé. Byggist þessi umfjöllun á tveimur vettvangsferðum höfunda til Árborgar og ýmsum fyrirbyggjandi gögnum. Fjallað er um aðstöðu fyrir hverja listgrein fyrir sig en þau efnistökin eiga sér rætur í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar.

Í vettvangsferðum höfunda til Árborgar var leitað eftir sjónarmiðum fólks sem starfar í menningargeiranum og komu frá þessu fólki ýmsar tillögur til úrbóta og gagnlegar ábendingar um það hvernig best sé að mæta óskum íbúanna

vegna menningar- og listastarfs. Það snýr bæði að húsnæði og rekstri þess og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Um þetta er fjallað í 6. kafla.

Í lokakafla skýrslunnar, 7. kafla koma fram tillögur höfunda varðandi lista- og menningarhús sem byggja einkum á greiningu þeirra gagna, sjónarmiða og tillagna sem fram koma í köflum 3-6. Í þessari tillögugerð er bæði fjallað um lausnir til skemmri tíma og markmið til lengri tíma.

Höfundar þessarar skýrslu þakka fyrir gott samstarf við alla þá sem að þessu verki hafa komið, einkum viðmælendum öllum, en mikilvægustu og hjálplegustu upplýsingarnar fengust frá þeim, enda er það fólk oftast nátengt menningarlífi í sinni byggð og veit hvað er í góðu lagi, en einnig hvar skórinn kreppir.

3 SKIPULAGSMÁL, STEFNUMÓTUN OG HUGTÖK

Í þessum kafla er m.a. fjallað um sveitarfélagaskipan og skipulagsmál en deiliskipulag miðbæjarins á Selfossi er eitt af því sem skiptir miklu máli vegna hugmynda og tillagna að framtíðaraðstöðu fyrir menningarstarfsemi á Selfossi. Einnig er greint frá stefnumörkun fyrir málaflokkinn menningu og hvað felst í því hugtaki, en stýrihópur um menningarstefnu fyrir Sveitarfélagið Árborg hefur nýlega skilað frá sér greinargerð þar sem ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna ásamt tillögum að mótun menningarstefnu.

3.1 Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Árborg varð til við sameiningu Eyrarbyggðar, Sandvíkurbyggðar, Selfossbæjar og Stokkseyrarbyggðar eftir almennar kosningar meðal íbúa í febrúar 1998. Sameiningin tók formlega gildi 7. júní sama ár.

Eyrarbyggðar voru stofnaðar sem sérstakt sveitarfélag 18. maí 1897. Íbúar í Eyrarbyggðum voru 529 þann 1. desember 1997, fyrir sameiningu. Upphaf Sandvíkurbyggðar má telja til árána um 1050, en í Landnámu ber hann heitið Kaldnesingahreppur. Árið 1998 voru íbúar Sandvíkurbyggðar 110 og bjuggu þeir á 17 jörðum og 8 þjónustubýlum. Stokkseyrarbyggðar er hluti af landsvæði sem almennt er kallað Flói og liggur í neðsta hluta Árnessýslu. Árið 1897 klauf Eyrarbyggðin sig út úr hreppnum og varð sérstakt sveitarfélag. Frá 1897 til 1998 hafa mörk Stokkseyrarbyggðar verið þau sömu, en sveitarfélagið náði yfir jörðina Stokkseyri og nærliggjandi býli þar sem stundaður hefur verið landbúnaður. Í hreppnum voru 512 íbúar 1. desember 1997, þar af 444 á Stokkseyri.

Sumarið 1891 var fyrir forgöngu Tryggva Gunnarssonar byggð hengibrú yfir Ölfusá hjá Selfossi. Hún var þá mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í. Með tilkomu brúarinnar urðu straumhvörf í þróun byggðar á Selfossi. Árið 1900 voru 40 íbúar í Selfosbyggð. Við sameiningu sveitarfélaganna voru íbúar á Selfossi liðlega 4300. Þann 1. janúar 2008 voru íbúar í Sveitarfélaginu Árborg um 7600, þar af um 6300 á Selfossi, um 600 á Eyrarbyggð og tæplega 500 á Stokkseyri.

3.2 Skipulagsmál í Árborg

Mikið hefur verið unnið í skipulagsmálum í Sveitarfélaginu Árborg næstliðin misseri, einkum á þetta við um skipulag miðbæjar Selfoss og varðar það mjög framtíðaraðstöðu fyrir menningu í sveitarfélaginu. Í staðfestu aðalskipulagi 2005-2025 er mörkuð ný stefna um þróun miðbæjar, þar sem skilgreint er svonefnt miðsvæði. Á fundi bæjarstjórnar þann 12. apríl 2006 var eftirfarandi bókun samþykkt: „*Miðbærinn er kjarni hvers sveitarfélags. Skipulag hans skiptir alla íbúa miklu máli og því er áriðandi að breið samstaða náist um endanlega útfærslu. Arkitektasamkeppni er lýðræðislegasta leið sem hægt er að fara til að móta slíka framkvæmd*“.

Í framhaldinu var ákveðið að halda svokallaða framkvæmdasamkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Skilgreint meginmarkmið keppinnar var að miðbær Selfoss:

- Verði miðbær Suðurlands, með öflugri verslun og þjónustu á sem flestum sviðum sem geti þjónað öllu Suðurlandi.
- Verði vettvangur iðandi mannlífs sem laði að íbúa og ferðamenn og bjóði jafnframt upp á aðstöðu fyrir fjölmennar samkomur.
- Sameini manneskjuvænt og hlýlegt umhverfi, með skilvirkum samgöngum og hagkvæmni fyrir rekstraraðila sem þar eru.
- Verði miðkjarni Selfoss, sem eigi ríkan þátt í að styrkja sjálfsímynd bæjarins og bæjarbúa.
- Verði byggður upp á þeim forsendum sem fyrir eru, út frá legu, tengingum innan og utanbæjar, atvinnustarfsemi innan hans og þörfum hvers og eins fyrir þjónustu og afþreyingu.
- Bjóði upp á heilbrigðan og umhverfisvænan lífsstíl.
- Verði hagkvæmur í uppbyggingu m.t.t mögulegrar áfangaskiptingar og mismunandi eignarhalds lóða. (Sveitarfélagið Árborg, 2007a, bls. 1)

Að mati dómnefndar voru allar tillögurnar 10 sem bárust um nýtt miðbæjar-skipulag afar frambærilegar, en við mat nefndarinnar var m.a. lögð áhersla á heildarlausn sem byggði á skýrri meginhugmynd og hagkvæmni. Sérstaka aðstöðu fyrir menningarstarfsemi er að finna í mörgum af tillögunum. Í þeirri tillögu sem hlaut 1. verðlaun er sett fram hugmynd að safna- og ráðstefnuhúsi norðan við hótelið á fallegum útsýnisstað við Ölfusá, en dómnefndin hafði þó efasemdir um staðsetninguna, enda styddi hún ekki með beinum hætti við deiliskipulag miðbæjarins. Tillagan gerði einnig ráð fyrir nýju húsi fyrir bókasafn og öðru með fjölnotasal. Verðlaunatillagan tók nokkrum breytingum frá því hún var valin og þar til hún var auglýst í ágúst 2007 og síðan enn

frekari breytingum frá auglýsingu til samþykktar til að koma til móts við ýmsar athugasemdir sem bárust, m.a. um byggingarmagn. Í þeirri tillögu sem hlaut 3. verðlaun kom fram í áliti dómnefndar að staðsetning menningarhúss í tengslum við ráðhús myndi áhugaverð tengsl við torg og garð, en sé mjög bindandi.



Heimild: Sveitarfélagið Árborg og ASK arkitektar (2007b)

Mynd 1. Skýringaruppdráttur og hugmyndir að starfsemi við torg í miðbæ Selfoss í deiliskipulagi miðbæjarins

Á myndinni hér að ofan má sjá skýringaruppdrátt sem sýnir hluta samþykkrar tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Selfoss eftir þær breytingar sem orðið hafa frá upphaflegri tillögu. Þarna má m.a. sjá reit sem merktur er „Fræðslusafn/fjölnotasalur“ en það er meðal þeirra breytinga sem urðu á

skipulagstillögunni að breyting var gerð á þessum reit. Hætt var við 3-4 hæða hús á þessum stað og gert þess í stað ráð fyrir 2ja hæða húsi sem hefði það stóran flöt að mögulegt væri að koma þar fyrir menningarsal. Þá er einnig merktur inn reiturinn „Bókasafn“ við norðurmörk skipulagssvæðisins og í þriðja lagi „Upplýsingaþjónusta“. Allir þessir reitir skipulagsins varða mjög aðstöðu fyrir menningarstarfsemi. Í greinargerð deiliskipulagsins kemur m.a. fram að æskilegt sé að stofnanir auk ýmissar menningartengdrar starfsemi fái aðstöðu við torgið, þ.e. innsvæðið sem myndast sunnan bygginganna við hringtorg á mótum Eyravegar og Austurvegar. Þetta sé hugsað til að glæða það lífi og draga að íbúa og gesti. Samkvæmt viðtölum við starfsmenn bókasafnsins á Selfossi er bókasafnið einmitt svona „segull“ sem dregur að mannlíf. Gildir það bæði gagnvart íbúum og einnig gestum, einkum á sumrin, þar sem upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er staðsett í bókasafninu. Ekki hefur verið gengið formlega frá því hver aðkoma sveitarfélagsins yrði að svona húsi eða menningarsal, en samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjórn mun sveitarfélagið hafa ráðrúm fram eftir árinu 2009 til þess að taka ákvörðun um hvernig það geti nýtt sér miðbæjarsvæðið. Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að fyrst verði byrjað á að byggja upp nyrst á svæðinu, næst hringtorginu. Ljóst er að sveitarstjórn þarf hér að forgangsraða eftir því hvar þarfir eru brýnastar en jafnframt að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að hefja uppbyggingu samkvæmt skipulaginu.

3.3 Hugtakið menning

Þegar fjallað er um tillögur að menningarhúsi eða aðstöðu fyrir menningu vaknar jafnan spurning um skilgreiningu. Hvað er menning? Þeirri spurningu verður að svara með einhverjum hætti, annars er ekki ljóst fyrir hvað á að búa til aðstöðu, yfir hvað á að byggja eða skapa umgjörð um. Fræðimaðurinn Raymond Williams bendir á það í riti sínu *Keywords* (1976, bls. 87-92) að annars vegar megi vísa til þess sem nefnt hefur verið mannfræðilegur skilningur á hugtakinu, þar sem menning vísar til ákveðinna lífshátta í tíma og rúmi, ákveðinna staða, þjóða eða mannkyns alls, en hins vegar sé menning í fagurfræðilegum skilningi með vísun til listsköpunar af ýmsu tagi og menningararfs.

Í bók sinni Hagræn áhrif tónlistar, segir höfundurinn dr. Ágúst Einarsson, prófessor m.a. þetta um menningu: „Hér er menning skilgreind sem mannleg hegðun sem flyst milli kynslóða. Menning lýsir, skapar, varðveitir og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Það gerist í máli, trú, hugmyndum, venjum, list og íþróttum eða á aðra vegu.“ (Ágúst Einarsson, 2004, bls. 12)

Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur lagt til að menning sé skilgreind sem:

„... samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.“

Sótt á vefinn 30. maí 2008:

http://www.unesco.org/education/imld_2002/universal_decla.shtml

Í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar 2008-2009 segir í upphafi stefnuskjalsins: „*Menning er hugarfar hvers samfélags sem birtist í tjáningu og starfsemi í margvíslegu formi.*“ Í þessari skýrslu er einkum horft til þessarar skilgreiningar og þeirrar starfsemi sem sveitarfélög álíta að falli undir verksvið sitt og flokka sem menningarmál. Það eru fyrst og fremst verkefni sem snerta stofnanir svo sem bókasöfn, listasöfn, ljósmyndasöfn, minjasöfn og skjalasöfn. Einnig aðstöðu til leiksýninga, tónlistarflutnings og ýmissa menningarviðburða og hátíða sem oft njóta framlaga sveitarfélaga, stundum í samvinnu við aðra.

3.4 Stefnumótun á sviði menningarmála

Umfjöllun um stefnumótun er tvíþætt. Annars vegar er fjallað lítillega um stefnu í menningarmálum á Suðurlandi og hins vegar um það sem snýr sérstaklega að Sveitarfélaginu Árborg.

3.4.1 Stefna í menningarmálum á Suðurlandi

Segja má að ákveðin stefna hafi verið mörkuð af menntamálaráðuneytinu í október 2000 þegar gefin var út, *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*. Fyrsti svæðisbundni samningurinn við sveitarfélög var

gerður árið 2001 á Austurlandi, með hliðsjón af niðurstöðum skýrslunnar. Sama ár var farið að huga að samsvarandi samningi á Suðurlandi og á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi var eftirfarandi bókað:

Aukafundur SASS, haldinn 30. nóvember 2001 í Hveragerði, samþykkir að fela stjórn SASS að hefja undirbúning að gerð samnings við menntamálaráðuneytið um menningarmál á Suðurlandi. Stjórnin hafi náð samráð við aðildarsveitarfélögin um málið og veiti þeim sem gleggstar upplýsingar á hverjum tíma. (bls. 3)

Í kjölfarið var skipaður starfshópur til að vinna að undirbúningi málsins og móta stefnu í menningarmálum á Suðurlandi. Fulltrúi Vestmannaeyinga bættist síðan í hópinn að ósk frá menntamálaráðuneytinu. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í mars 2004, *Stefna í menningarmálum á Suðurlandi. Tillögur starfshóps á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands*. Í skýrslunni er m.a. eftirfarandi atriði að finna í meginstefnu í menningarmálum:

- Að íbúar hafi á hverjum tíma fullnægjandi aðstöðu fyrir menningarstarf.
- Að sveitarfélög í samvinnu við ríkið búi menningarstofnunum sínum örugg starfsskilyrði og hljóti viðurkenningu á framlagi sínu til íslenskrar og fjölþjóðlegrar menningar.
- Að menningarstarfsemi hafi örugga fjármögnun og aðstöðu frá hinu opinbera og vaxandi stuðning einkaaðila.
- Að komið verði á fót tveimur öflugum menningarhúsum á Suðurlandi í samvinnu við ríki, þ.e. á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Hér verður ekki fjallað mikið meira um þessa stefnumörkun, en þó vakin athygli á tvennu. Annað er mikilvægi bókasafna þar sem segir:

Sveitarfélög eru hvött til að standa vörð um bókasöfn sem eru í mörgum tilfellum elstu menningarstofnanir hvers sveitarfélags og gera þeim kleift að sinna lögboðnum verkefnum í nútíma upplýsingasamfélagi. Með nýrri tækni bjóðast möguleikar á að fullnægja vaxandi þörf samfélagsins fyrir nýjar og fjölbreyttar upplýsingar. Söfnunum verði gert kleift að sinna og vinna að sameiginlegum verkefnum. (bls. 13)

Hitt er eftirtektarverð afstaða til að nýbúar fái að njóta sín en þar segir:

Á Suðurlandi er töluverður fjöldi fólks af erlendum uppruna sem mikilvægt er að virkja samfélaginu til góðs. Stutt verði við fjölmennigarleg viðhorf með því að gera menningu fólks af ólíkum uppruna sýnilegri. Um leið og nýbúar eru hvattir og studdir til samstarfs og þátttöku í málefnum samfélagsins, eru gamlir íbúar hvattir til þess að laga sig að fjölbreytni menningarsamfélagsins. (bls. 14)

Hið fyrra snertir húsnæðismál nokkuð augljóslega, en það seinna síður. Á það er þó minnst vegna þess að í fjölnota húsnæði má hugsa sér aðstöðu fyrir ýmsa félagsstarfsemi og að mismunandi menning hafi þar sitt afdrep. Það getur stuðlað að fjölþættari menningarstarfsemi og e.t.v. er þetta vanmetinn þáttur í móttöku nýbúa hér á landi.

3.4.2 Stefna í menningarmálum í Sveitarfélaginu Árborg

Á árinu 2007 var settur á fót stýrihópur um mótun menningarstefnu fyrir Sveitarfélagið Árborg. Hópurinn skilaði af sér greinargerð, dags. 21. janúar 2008, ásamt tillögum sem eru *Menningarstefna Sveitarfélagsins Árborgar 2008-2009*. Þar koma fram frumatriði í menningarstefnu sveitarfélagsins og eitt þeirra atriða sem þar eru tilgreind er að innan tveggja ára verði fundin framtíðarlausn á menningarhúsnæði á Selfossi. Þar er einnig lögð áhersla á samstarf við önnur sveitarfélög á Suðurlandi um stefnu í menningarmálum á svæðinu í heild og samstarf við menningarfulltrúa og Menningarráð Suðurlands.

Í menningarstefnunni er menning flokkuð í *leiklist, ritlist, sjónlist og tónlist*, en einnig eru tilgreindar reglulegar hátíðir, samkomur og viðburðir og söfn og sýningar, svo nefnd séu þau atriði sem einkum gætu snert menningarhús, gerð þess og stærð. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram koma í menningarstefnunni og *varða aðstöðu fyrir menningu*.

Leiklist

Eitt af markmiðum menningarstefnunnar er að „*húsnæði og aðstaða til æfinga og flutnings leikverka verði aukin og bætt*.“ Skoðað er hvernig þetta markmið fellur að hugsanlegum nýbyggingum í miðbænum, eða öðrum lausnum í þeim byggingum sem eru til staðar.

Ritlist

Ritlistin kemur trúlega til að tengjast mest bókasafni og héraðsskjalasafni. Í menningarstefnunni segir: „Í tilefni af 100 ára afmæli Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi, árið 2009, verði hlutverk þess skilgreint upp á nýtt fyrir næstu öld sem Menningar- og fræðslumiðstöð.“ Með þetta að leiðarljósi eru húsnæðismálin skoðuð.

Sjónlist

Sjónlist nær til margþættrar listsköpunar svo sem höggmynda, málverka og handverks¹ af ýmsum toga, samkvæmt menningarstefnunni. Þau markmið sem sett eru fram varðandi þessa tegund listar kalla ekki á sérstakt húsnæði,

¹ Í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar er handverk flokkað með sjónlistum.

enda er fyrst og fremst bent á leiðir til að auðga samfélagið með kaupum á listaverkum og að koma þeim fyrir með tilteknum hætti, bæði innan dyra og utan. Einnig að gerður verði þjónustusamningur við Listasafn Árnesinga varðandi umsjón og skráningu listaverka, ráðgjöf um viðhald á útilistaverkum og lán á verkum til stofnana Sveitarfélagsins Árborgar.

Tónlist

Fram kemur í menningarstefnunni að í Sveitarfélaginu Árborg sé fjölbreytt tónlistarmenning sem eigi sér langa og merka sögu. Eitt af markmiðunum er „að menningarhúsnæði verði sérútbúið með tilliti til tónlistarflutning.“ Meðal þess sem fram kemur í greinargerð stýrihóps um mótun menningarstefnu er að sveitarfélagið tryggji sem allra fyrst íbúum sínum og þeim sem vilja koma í heimsókn „fullnægjandi aðstöðu fyrir menningarstarf, fjölnota menningarhúsnæði þar sem tónlist og mælt mál getur notið sín til fullnustu og hægt verður að halda smærri og stærri menningarviðburði.“ Nú er talin vöntun á húsnæði í sveitarfélaginu sem uppfyllir þessar kröfur og því eru framangreind markmið tekin til sérstakrar skoðunar.

Söfn og sýningar

Eitt af því sem fram kemur í menningarstefnunni um söfn og sýningar er „Að standa vörð um og efla rekstur þeirra safna og setra sem sveitarfélagið er aðili að og efla safna- og sýningaraðstöðu á Selfossi.“ Einnig þurfi að kanna samstarf við Byggðasafn Árnesinga um að koma upp sýningu á Selfossi sem tengist sögu Ölfusárbrúar. Hvað þetta snertir er nauðsynlegt að skoða annars vegar hvaða húsnæði er til staðar sem nýta mæti til að ná þessum markmiðum og hins vegar hvernig það gæti tengst hugmyndum um nýbyggingar í miðbænum.

3.5 Íbúapingið „Brú milli byggða“

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar stóð fyrir íbúapíngum í október 2003 undir yfirskriftinni „Brú milli byggða“, eins og lesa má nánar um í skýrslu um niðurstöður þinganna sem Alta ehf. tók saman í desember 2003. Á Eyrarbakka og Stokkseyri lögðu íbúarnir einkum áherslu á bættar samgöngur, styrkingu þorpanna og aukna áherslu á ferðaþjónustu. Meðal kostnaðs samfélagsins nefndu íbúarnir smæð þess í nálægð við stærra þéttbýli, söguna

og menningarstarfsemi „*Á Selfossi var miðbærinn mikið til umræðu og vildu íbúar að þar þróaðist lifandi miðbær, með verslun, þjónustu og menningarstarfsemi, sem laðaði að bæði heimamenn og gesti.*“, svo vitnað sé orðrétt í skýrsluna. Kostirnir eru m.a. taldir mannlífið og fjölskylduvænn bær í nálægð við Reykjavík. Greinilegt er af niðurstöðum íbúáþinganna og óskum um aðgerðir að menningartengd ferðaþjónusta er ofarlega í huga margra, bætt upplýsingagjöf, merking náttúru- og menningarminja og fleira í þeim dúr. En einnig atvinnumálin almennt, meiri fjölbreytileiki í störfum og að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar.

4 SKYLDUR SVEITARFÉLAGS

Greinilegt er af samkeppni um miðbæ á Selfossi að mikil umræða og vinna hefur átt sér stað til að bæta umhverfið og aðstæður allar. Með því er verið að uppfylla tilteknar skyldur og þarfir sveitarfélagsins og þar með íbúanna. Í grófum dráttum má skipta skyldum sveitarfélagsins í tvennt. Annars vegar eru lögbundnir þættir og hins vegar þættir sem ekki eru bundnir í lög eða reglugerðir, en almenn samstaða er um að þurfi að vera til staðar og sinna enda hafi þeir mikil áhrif á jákvæða þróun samfélagsins.

4.1 Lögbundnir þættir

Sveitarfélög þurfa að sinna lögbundinni skyldu í afar mörgum atriðum og mörg þeirra krefjast sérstaks húsnæðis. Skólar eru nærtækt dæmi og á menningarsviðinu má nefna ýmis söfn, svo sem almenningubókasöfn, héraðsskjalasöfn og minjasöfn. Í lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997 segir í 1. grein:

Almenningubókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla fjálsan og óheftan aðgang almenninga að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga.

Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningubókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.

Almenningubókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

Eins og fram kemur í annarri málsgrein er lagaskyldan ótvíræð, þ.e. sveitarfélögum er skylt að standa að almenningubókasöfnum. Svipað er uppi á teningnum varðandi héraðsskjalasöfn og minjasöfn eða byggðasöfn.

Í þjóðminjalögum nr. 52/1969 segir í 39. gr. og 40. gr. um byggðasöfn:

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 40. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvo eða fleiri sveitarstjórnarmyndami standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæslumanns.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðhatta. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherslu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

Í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 segir í 12. grein

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sveitarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sveitarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

Framangreind dæmi sýna að skyldur sveitarfélaga eru miklar og augljóst er að vandað húsnæði þarf til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum. Að mörgu er því að hyggja þegar byggt er húsnæði í þágu menningarstarfsemi. Það á bæði við um byggingarkostnað og ekki síður reksturinn, en þar getur oltið á miklu hvaða einingar er hagkvæmt að hafa undir einu og sama þaki.

4.2 Samfélags- og efnahagslegir þættir

Hinn þátturinn í þörfum og skyldum sveitarfélagsins eða kröfum gagnvart því snýst ekki um lagaskyldu, heldur samfélags- og efnahagsleg atriði sem jafnframt skipta viðkomandi samfélag miklu máli. Þar koma hugtök eins og félagsauður og menning gjarnan við sögu. Sumir staðir hafa aðdráttarafl vegna slíkra þátta. Það getur verið vegna möguleika til atvinnu, en einnig vegna þess að líkur sækir líkan heim þar sem fólk finnur fyrir hvetjandi umhverfi, m.a. vegna þess að almenn samstaða er um að framangreindum þáttum þurfi að sinna vel. Það varðar aðstöðu fyrir fjölþætta menningarstarfsemi íbúa eða gesta sem vilja fá tækifæri til að koma list sinni á framfæri, eða njóta listar og menningarviðburða.

Nýlegar rannsóknir sýna að menning og menningarviðburðir hafa mikil áhrif á efnahagslegan og félagslegan kraft samfélaga. Félagsfræðingurinn Robert Putnam (1996:56) skilgreinir hugtakið félagsauð sem þætti í félagslífi manna, samskiptanet siðareglur og traust sem gerir þátttakendum kleift að starfa saman á árangursríkan hátt við að hrinda í framkvæmd sameiginlegum markmiðum. Hann hefur stundað rannsóknir á þessu sviði á Ítalíu og í Bandaríkjunum.

Hagfræðingurinn Richard Florida (2002) er sammála Putnam um af hverju farsælt samfélag samanstendur þegar litið er til menningar og lista. Hann segir að fólk sem vinnur í skapandi atvinnugreinum dragist ekki að ákveðnum stöðum vegna vinnunnar, heldur að staðnum sem slíkum og hvort hann sé álitlegur til að búa á. Störfín fylgi síðan fólkinu eða eru búin til af því.

Hér á landi má finna dæmi um, t.d. í menningartengdri ferðaþjónustu og ýmsum listum, hvernig skapandi hugsun og nýjungar hafa eflt tiltekna staði og jákvæð margfeldisáhrif hafa átt sér stað. Seyðisfjörður er gott dæmi um hvernig tengsl listamanna við staðinn hafa hvatt heimamenn til dáða og auðgað mannlífið og menningarstarfsemi og hliðstæða sögu má segja um fjölþætta starfsemi í menningu og listum í Grófargili (Listagili) á Akureyri svo nefndir séu tveir ólíkir staðir að stærð og gerð.

Í atvinnuþróun er í sífellu meiri mæli litið til þess hvernig aðlaðandi umhverfi stuðlar að þróun staða og svæða, áherslan er á hágæða búsetuumhverfi. Hugmyndin er sú að ef einstaklingar sækja í að búa á tilteknum stöðum vegna þess að umhverfið er eftirsóknarvert til búsetu, þá komi atvinnustarfsemi til með að fylgja á eftir og ákveðinn vaxtarþyrill geti farið af stað. Áherslan er þá gjarnan á að ná til ákveðinna hópa samfélagsins, s.s. frumkvöðla og ákveðinna tekjuhópa (Blakely, 1989). Blómleg menningarstarfsemi og góð aðstaða til að stunda hana og njóta er einn þeirra þátta sem getur vegið þungt í að skapa gott umhverfi til búsetu.

5 NÚVERANDI AÐSTÖÐA FYRIR MENNINGARSTARFSEMI

Lýsing á núverandi aðstöðu fyrir menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Árborg sem hér verður gerð grein fyrir byggir á tvennskonar gögnum. Annars vegar er um að ræða margvísleg fyrirbyggjandi gögn frá sveitarfélaginu og öðrum sem halda þar úti menningarstarfsemi. Hins vegar er um að ræða viðtöl við forsvarsmenn sveitarfélagsins svo og forsvarsmenn þeirrar margvíslegu menningarstarfsemi sem stunduð er í sveitarfélaginu. Viðtöl við þessa aðila fóru fram dagana 14. - 15. apríl og 11. júní 2008. Einnig var rætt við ýmsa aðila símleiðis.

5.1 Leiklist

Leikfélag Selfoss, sem varð 50 ára 9. janúar 2008, hefur aðstöðu fyrir félagsstarf, æfingar og sýningar í gömlu húsi í miðbæ Selfoss að Sigtúnum 1. Sveitarfélagið á húsnæðið, en þar var áður til húsa gamla Iðnskólinn. Leikfélagið hefur nú afnot af því án þess að greiða leigu og félagið á allan búnað. Húsið var byggt árið 1933 og er um 336 fermetrar að stærð. Það stendur á 2700 fermetra lóð. Leiksalurinn tekur að hámarki 75 í sæti á leiksýningum. Samkvæmt tæknimönnum hjá Árborg þarf að fara í aðgerðir á húsnæðinu vegna brunavarna og það er nú á bráðabirgðaleyfi hvað þetta varðar.

5.2 Ritlist

Árið 1991, þann 8. september, við aldarafmæli Ölfusárbrúar, opnaði *Bæjar- og Héraðsbókasafnið á Selfossi*, í núverandi húsnæði að Austurvegi 2, þar sem áður voru höfuðstöðvar Kaupfélags Árnesinga. Þar er einnig til húsa Héraðsskjalasafn Árnesinga. Árið 1984 var svonefnt *Eiríkssafn* gefið Selfossbæ og það ýtti undir að fundið yrði framtíðarhúsnæði fyrir bókasafn, sem síðan leiddi til þess sem nú er, þ.e. núverandi aðstöðu. Aðkoma í bókasafnið er frá Austurvegi og býður safnið gesti velkomna á einstakan hátt enda er húsið vel staðsett, sem kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að þetta var áður aðal verslun Selfoss og þar með Suðurlands. Á efri hæð og í risi er ráðhús sveitarfélagsins og er inngangur þangað frá bílastæðum sunnan hússins.

Fyrir nokkrum árum var húsið styrkt sérstaklega með tilliti til jarðskjálftahættu.

Framangreind söfn eru á besta stað í bænum, í grennd við syðri brúarsporðinn og á mótum Austurvegar og Eyravegar. Frá miðjum maí til miðs september er staðsett upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í bóksafninu sem tekur talsvert rými við anddyri þess og veldur líklega talsverðu ónæði þegar mikið er um að vera, enda hafa komið þar um 4000 gestir á tímabilinu maí til september síðast liðin ár. Lesstofa með þráðlausu neti er í safninu og tölvur sem hægt er að komast í og er það vinsæl þjónusta. Þá er og aðstaða til að fá sér kaffi á staðnum. Í kjallara er geymsla safnsins og ráðhússins og þar er m.a. stórt einkasafn bóka (Eiríkssafn) sem safninu var gefið fyrir nokkrum árum. Í litlu miðrymi í kjallara er aðstaða til að sýna myndlist, Listagjáin, sem svo er kölluð.

Á Eyrarbakka er rekið bókasafn í sama húsi og þjónustuskrifstofa Sveitarfélagsins Árborgar í þorpinu. Safnið tilheyrði áður Eyrarbakkahreppi og næst þarna ágæt samnýting við afgreiðslu og umsjón. Á Stokkseyri er almennings- og skólabókasafn í Gimli, gamla félagsheimilinu. Bókasafnið á Stokkseyri mun flytja í nýtt húsnæði grunnskólans á staðnum sem nú er verið að byggja.

Eins og framangreint sýnir rekur Sveitarfélagið Árborg almenningsbókasöfn á þremur stöðum í sveitarfélaginu og almennt séð má telja aðstæður góðar.

5.3 Sjónlist

Á Selfossi var staðsett Listasafn Árnesinga en ákveðið var að færa það til Hveragerðis árið 2000. Þar er aðstaða góð enda er húsnæðið sérhannað til myndlistarsýninga. Safnið er rekið af Héraðsnefnd Árnesinga.

Í kjallara bókasafnsins á Selfossi er lítill sýningarsalur, Listagjáin sem áður hefur verið nefnd, þar sem áhugamenn á sviði myndlistar hafa einkum haldið sýningar. Á Hótel Selfossi hafa verið sýndar myndir, á kaffihúsinu Kaffi krús og hjá þjónustustofnunum í bænum svo sem bönkum og tryggingafélögum.

Á Stokkseyri rekur listmálarinn Sjöfn Haraldsdóttir² starfsemi í Listaskálanum, sem er fyrrverandi verslunarhúsnæði við bæjartorgið. Þar hefur hún haldið myndlistarnámskeið auk þess að stunda list sína.

Elvar Guðni Þórðarson og fleiri listamenn eru með vinnustofu og sýningarsal í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri, sbr. kafla 5.7.

Á Eyrarbakka er gamalt fiskvinnsluhús, Gallerí Gónhóll sem fengið hefur nýtt hlutverk og þar er aðstaða til að sýna og selja handverk og myndlist. Þarna getur myndast ákveðin markaðsstemning

5.4 Tónlist

Tónlistarskóli Árnesinga á sér langa sögu, en hann var stofnaður árið 1955 og þar fer fram öflugt kennslu- og tónlistarstarf. Í menningarstefnu Árborgar 2008-2009 kemur fram að rekstur skólans verði áfram tryggður sem atvinnustofnun í tónlist. Nú sækja um 500 nemendur tónlistarnám í einkatímum og um 200 nemendur fá forskólakennslu á vegum tónlistarskólans í samstarfi við grunnskólana í sýslunni, en kennslustaðir skólans eru 12 talsins. Við skólann starfa um 30 kennarar í u.þ.b. 26 stöðugildum. Þetta sýnir vel hve umsvifamikil starfsemin er. Á Selfossi eru um 220 nemendur og þar er aðstaða til kennslu góð, m.a. er salur sem tekur 100 til 120 manns í núverandi húsnæði skólans sem tekið var í notkun vorið 2006 og gjörbreytti aðstöðu skólans til hins betra.

Kirkjan á Selfossi er að mörgu leyti gott hús fyrir söng og tónlist og hljómburður þykir ágætur. Hún tekur um 270 manns í sæti. Þar er haldið uppi öflugri söngstarfi, en við kirkjuna starfa fjórir kórar. Húsið hentar vel fyrir tiltekna viðburði, en flestir eru sammála um að sumt eigi þar tæplega heima, bæði vegna þess að þetta er kirkja og einnig er aðstaðan takmörkuð.

Kirkjan á Eyrarbakka hefur samkvæmt viðmælendum nokkuð verið notuð til tónlistarflutnings en í vettvangsferðum höfundu var hún ekki skoðuð sérstaklega.

² Listamanns nafnið er Sjöfn Har.

Á Selfossi, eins og víðar, eru íþróttahús oft notuð fyrir skemmtanahald. Í Vallaskóla er góður íþróttasalur. Þar hafa verið haldnir tónleikar, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig hefur salurinn verið notaður fyrir stærri samkomur í sveitarfélaginu, m.a. þorrablót Selfyssinga fyrir um 800 manns. Þessi salur er, eins og íþróttasalir yfirleitt, hannaður til ákveðinna nota og tónleikahald er því tilteknum annmörkum háð. Svipað á við um íþróttahús Fjölbrautarskóla Suðurlands, Iðu. Þar hafa farið fram söngvakeppnir, tónleikar, bingó, uppskeruhátíðir, svo eitthvað sé nefnt, en fyrst og fremst tengist starfsemin að sjálfsögðu íþróttum og húsið er í mikilli notkun til þeirra þarfa. Það er því jafnan nokkurt umstang þegar íþróttahúsin eru tekin undir aðra notkun en íþróttir og kostnaður því samfara, t.d. vegna leigu á hljóðkerfum uppsetningar á sviði o.fl. Salur í Fjölbautaskóla Suðurlands getur tekið um 350 manns en hann hentar ekki fyrir tónlistarflutning þar sem hljómburður þykir slæmur.

Karлакór Selfoss á eigið húsnæði við Eyraveg á Selfossi sem notað er til æfinga og félagsstarfs og hentar vel til þess en ekki til tónleikahalds. Einnig hefur Jórukórinn haft þar aðstöðu til æfinga. Karлакórinn áformar að kaupa stærri hlut í þeirri húseign sem salurinn er í og stækka salinn.

5.5 Söfn og sýningar

Á Eyrarbakka eru tvö söfn. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er rekið af Sveitarfélaginu Árborg og þar er merkasti safngripurinn áraskipið Farsæll, sem stendur þar inni með rá og reiða. Þá er í safninu margt muna sem tengjast sjósókn og fiskverkun á Eyrarbakka og nágrenni. Byggðasafn Árnesinga í Húsinu er rekið af Héraðsnefnd Árnesinga. Safnið var áður staðsett á Selfossi en ákveðið var að flytja það árið 1996 til Eyrarbakka en þá var nýlukið endurgerð Hússins og var álitnið að þar væri hentugri umgjörð utan um safnið. Húsið og Assistentahúsið eru meðal merkustu safngripanna, en í húsunum hafa verið settar upp sýningar um sögu Hússins og fólksins sem þar starfaði og bjó. Húsið á Eyrarbakka er í hópi elstu bygginga landsins. Það var flutt tilsníðið til landsins árið 1765 og er stökkbyggt timburhús, 659 rúmmetrar að stærð á tveimur hæðum með hálofti. Assistentahúsið nefnist viðbyggingin vestan við Húsið en tengibygging er milli þeirra. Assistentahúsið var upphaflega aðsetur verslunarþjóna Lefolli-verslunarinnar. Það var byggt árið

1881 og er 280 rúmmetrar að stærð. Sú samfellda byggð gamalla timburhúsa sem hefur varðveist á Eyrarbakka skapar í raun afar sérstakt menningarlandslag á staðnum sem á sér fáar ef nokkrar hliðstæður hér á landi.

Á Stokkseyri eru einnig miklar menningarminjar, m.a. sérstakt minjasafn sem nefnist Þuríðarbúð og minnir á útvegshéð fyrri tíma. Búðin er nefnd eftir Þuríði Einarsdóttur (1777-1863) sem var formaður í a.m.k. 25 vertíðir. Stokkseyringafélagið í Reykjavík lét reisa Þuríðarbúð árið 1949 til minningar um Þuríði formann og sem minjasafn um horfna starfshætti. Önnur söfn eru t.d. Draugasetrið, Álfa, trölla- og norðurljósasafnið, Rjómabúið á Baugstöðum og Veiðisafnið. Þá má nefna að organistinn og tónskáldið dr. Páll Ísólffson (1893-1974) er einn þekktasti Stokkseyringurinn frá 20. öldinni. Hann átti sumarbústað austast í þorpínu, sem nefndur er Ísólffskáli og þar stendur minnisvarði um Pál.

5.6 Hótel Selfoss

Í Hótel Selfossi er ófullgerður salur sem gengið hefur meðal almennings undir nafninu menningarsalur. Þar hafa nemendur Fjölbrautarskóla Suðurlands m.a. sett upp söngleiki við bágbornar aðstæður. Einnig hafa þar verið haldnar söngkeppnir. Saga salarins nær aftur til um 1970 þegar ákveðið var að rífa Selfossbíó og byggja í staðinn Hótel Selfoss þar sem jafnframt yrði aðstaða til bíósýninga, söngs, leiksýninga og fleira í stórum og vel búnum sal. Ekkert hefur þó verið unnið í þessum sal frá því hann var kominn á fokheldisstig um miðjan 9. áratuginn og er hann því enn óupphitaður og alls ófrágenginn. Sveitarfélagið fór af stað með þessar framkvæmdir og átti öll mannvirkin og lagði til þeirra umtalsvert fé, auk þess sem Félagsheimilásjóður lagði einnig til verksins. Kaupfélag Árnesinga keypti hótelið árið 1998, með ákvæðum um að stækka það og ljúka framkvæmdinni samkvæmt þeim hugmyndum sem lagt hafði verið upp með, þar á meðal að koma menningarsalnum í notkun. Það tókst ekki. KÁ komst í þrot með reksturinn og sveitarfélagið missti yfirráð yfir menningarsalnum þegar hótelið var selt á nauðungaruppboði, en þá fylgdi salurinn með³. Með stoðrymi mun salurinn vera alls um 1.300 m². Hann var hannaður fyrir 328 manns í sæti, gólf er hallandi og sviðið stórt. Mikið var

lagt upp úr hönnun sviðsins og er turn upp af því sem hafði hlutverki að gegna í hönnuninni, í tengslum við leiktjöld og lóðréttu færslu sviðsins. Turn þessi er séreign í byggingunni og er í eigu annarra aðila en hótelið. Mikilvægt er að turninn fylgi salnum og það er raunar forsenda þess að hann geti nýst eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Aðeins er innangengt í salinn úr hótelinu og í aðkomurýminu eru m.a. verslanir og miðasala fyrir hótelið (dansleiki o.þ.h.). Undir sviði og gólfí salarins (að hluta) er rými sem upphaflega var ætlað fyrir t.d. förðun, búningageymslu og leikmuni og hluti þessa pláss gæti enn nýst með þeim hætti. Hinn hluti rýmisins hefur verið tekinn undir heilsulind (spa) sem er tengd rekstri hótelsins.

5.7 Menningarverstöðin Hólmaröst

Á Stokkseyri er stórt hús, nefnt Hólmaröst. Það var byggt um 1980 sem fiskverkunarhús, en hefur aðeins að litlum hluta nýst til slíkra nota vegna mikilla breytinga sem hafa orðið í sjávarútvegi síðast liðna áratugi, bæði veiðum og vinnslu. Eigendur hússins stóðu að því fyrir nokkrum árum að koma þar á fót svokallaðri Lista- og menningarverstöð og 6. mars 2005 var gerður samstarfssamningur við Sveitarfélagið Árborg um að styrkja menningarverstöðina um 100 þúsund kr. á mánuði, en á móti fékk sveitarfélagið til ráðstöfunar aðstöðu fyrir lista- og menningarviðburði af ýmsu tagi sem nemur alls 20 dögum/kvöldum á ári. Fram kemur í samningnum að menningarnefnd Árborgar sjái um að skipuleggja afnot sveitarfélagsins samkvæmt samningnum. Afnot sveitarfélagsins af húsinu munu hafa verið minni en áformað var þegar samningurinn var gerður og það er sagt eiga sér skýringar í staðsetningunni og breyttu eignarhaldi og notkun⁴.

Fjölþætt starfsemi er nú í húsinu, meðal annars vinnustofur myndlistamanna og gallerí. Á jarðhæðinni hefur verið sett upp álfa-, trölla- og norðurljósasafn. Draugasetrið er á þriðju hæð, en þar er einnig stór salur. Þessi salur gæti að sögn viðmælenda rúmað um 500 manns í sæti. Þar hafa m.a. verið haldnir tónlistarviðburðir og nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa sett þar upp

³ Hótelbyggingin er afar stór og mun alls vera um 9 þúsund fermetrar að flatarmáli.

⁴ Sjá samstarfssamninginn í viðauka.

söngleiki. Nýlega voru gerðar lagfæringar á salnum hvað varðar hljóðeinangrun. Hliðarrými við salinn, sem tilheyrir Draugasetrinu, væri mögulegt að nýta í tengslum við menningaruppákomur, t.d. vegna veitingasölu eða annarrar þjónustu vegna viðburða í salnum, eða til ákveðinna nota án salarins. Salinn mætti nota til leiksýninga og hann, ásamt aðliggjandi rými væri einnig hægt að nýta til sýninga á myndlist.

5.8 Samantekt

Hér á eftir má sjá samantekt á því helsta húsnæði sem fjallað hefur verið um hér að framan en einnig húsnæði sem höfundar skoðuðu ekki en hafa vitneskju um. Húsnæðið er flokkað eftir því hvaða starfsemi það þjónar aðallega, ásamt nokkrum punktum er varða ástand þess eða stærð. Hafa má skiptar skoðanir á þessari framsetningu og e.t.v á sumt af því sem þarna er tilgreint tæplega heima þar, meðan annað kann að vanta. Sveitarfélagið Árborg á sumt af þessu húsnæði en annað er í eigu félaga eða einstaklinga. Að mati höfunda skiptir það ekki endilega höfuðmáli þegar þarfir fyrir breytingar eða viðbætur eru metnar, enda sýna dæmin að mörg hús þjóna sýnu hlutverki vel burtséð frá eignarhaldinu.

Tafla 1. Samantekt yfir helsta húsnæði í sveitarfélaginu sem notað er undir menningarstarfsemi, flokkað eftir listgreinum.

Húsnæði	Meginstarfsemi					Athugasemdir
	Leiklist	Ritlist	Sjónlist	Tónlist	Söfn/sýningar	
Leikfélags Selfoss, Sigtúni 1, Selfossi	x					75 manns í sæti, undanþága vegna brunavarna. Lóð er stór og gæti e.t.v. borið viðbyggingu.
Salur í Hótel Selfossi	?			?		Ófullgerður, óvissa um marga þætti, s.s. kostnað við að klára, aðkoma er um séreign hótels, turn sem fylgdi sal er önnur séreign, óvissa um hve vel stoðrymi undir sal geta nýst, óvissa um hljóðvist í herbergjum hótels. Aðstaða í hóteli getur og þarf að samnýta með salnum.
Salur í Hólmaröst, Stokkseyri	x		x	x		Salurinn tekur 400-500 manns í sæti, gólf flatt, hægt að samnýta aðstöðu í Draugasetri vegna viðburða s.s. í hléum. Sveitarfélagið

					hefur gert samning um afnot af salnum gegn fastri greiðslu.
Héraðsskjalasafn Árnesinga, Austurvegi 2, Selfossi		x			Rekið af Héraðsnefnd Árnesinga. Innangengt í bóksafnið, lítilsháttar samnýting við bókasafnið á rými og safnefni.
Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi, Austurvegi 2, Selfossi		x	x		Staðsetning afar góð og aðsókn góð. Upplýsingamiðstöð ferðamanna þrengir að starfsemi á sumrin. Vaxtarmöguleikar takmarkaðir, safnið þarf stærri aðstöðu innan 10 ára. Geymslur í kjallara eru góðar. Listagjain er lítil aðstaða í kjallara þar sem hægt er að sýna sjónlist.
Bóksafn Eyrarbakka		x			Bóksafnið er á sama stað og þjónustufulltrúi á Eyrarbakka og þar sem safnið var fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Áætlað er að flytja safnið og sameina það skólabókasafninu á Eyrarbakka þegar nýtt skólahúsnæði verður risið.
Bókasafn Stokkseyri		x			Bókasafnið á Stokkseyri er í Gimli, gamla félagsheimilinu. Það er samsteypusafn, þ.e. almennings- og skólabókasafn. Safnið verður flutt í nýtt húsnæði grunnskólans á staðnum sem byrjað er að byggja.
Listasafn Árnesinga, Hveragerði			x		Staðsett í Hveragerði, sérhannað húsnæði fyrir myndlistarsýningar, rekið af Héraðsnefnd Árnesinga.
Listaskálinn, Stokkseyri			x		Vinnustofa listamannsins Sjafnar Haraldsdóttur, sala listaverka og námskeiðsaðstaða.
Svartiklettur, Hólmaröst, Stokkseyri			x		Vinnustofa og sýningaraðstaða listmálarans Elvars Guðna.
Gallerí Gónhóll, Eyrarbakka			x	x	Salur í gömlu fiskverkunarhúsi þar sem settar hafa verið upp sölusýningar á handverki og myndlist. Einnig safn gamalla bíla o.fl. Þarna getur skapast markaðsstemning.
Draugasetrið, Hólmaröst, Stokkseyri				x	
Álfa-, Trölla- og Norðurljósasafnið, Hólmaröst, Stokkseyri				x	
Tónlistarskóli Árnesinga			x		Nemendur rúmlega 200, aðstaða í húsinu dugar fyrir flestar uppákomur, fer t.d. eftir plássi sem hljóðfæri taka. Þarf að fara um 4 sinnum á ári út úr húsi með uppákomur.
Selfosskirkja			x		Tekur um 270 manns, dagskrá atburða þarf að taka tillit til þess að þetta er kirkja. Hljómburður góður eða heldur mikill fyrir sumar uppákomur.
Karлакór Selfoss			x		Kórinn hefur til umræða eigið húsnæði við Eyraveg. Húsnæði í risi og hentar það að sögn forsvarsmanna kórsins vel til æfinga og félagsstarfsemi en ekki til tónleikahalds. Jórukórinn nýtir húsnæðið einnig til æfinga.
Iða, íþróttahús FSU á Selfossi			x		Stærsti salur í sveitarfélaginu, tekur allt að 1000 manna viðburði, t.d. tónleika, söngkeppnir og bingó. Nýlegt og gott hús. Tjöld og færanleg sæti. Talsverð fyrirhöfn

					og kostnaður við að taka undir aðra notkun en íþróttir, mikið upptekinn fyrir þá starfsemi.
Fjallasalur í Sunnlækjarskóla		x		x	Salur í miðrymi í nýjum skóla, góð aðstaða fyrir einstakar uppákomur, líklega aðallega leiklist og tónlist. Tekur um 200 manns.
Íþróttahús Vallaskóla á Selfossi				x	Hefur verið notaður fyrir samkomur í sveitarfélaginu, s.s. tónleika og þorablót fyrir allt að 800 manns. Eldra húsnæði en lða og ekki jafn gott, en leiga mun vera ódýrari.
Salur í Fjölbautaskóla Suðurlands, Selfossi (stofa 106)		x		x	Hljómburður í salnum er ekki góður og m.a. þess vegna hefur hann lítið verið notaður til tónleika eða leiksýninga. Salurinn sem tekur um 300 manns er stækkanlegur inn í miðrymi skólans. Stærstu samkomur munu hafa verið allt að 700 manns með því að opna inn í miðrymi skólans.
Hvíta húsið, Selfossi				x	Skemmtistaður, vestan Ölfusár.
Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbakka				x	Rekið af Héraðsnefnd Árnesinga. Flutt í Húsið á Eyrarbakka 1996 frá Selfossi. Þykir hæfa starfseminni vel.
Sjóminjasafnið Eyrarbakka				x	Stofnað á Eyrarbakka, rekið með Byggðasafni og sá samrekstur er hagkvæmur.
Þuríðarbúð, Stokkseyri				x	
Rjómabúið á Baugsstöðum v/Stokkseyri				x	
Veiðisafnið, Stokkseyri				x	
Tryggvaskáli, Selfossi		?	?	?	Tryggvaskáli er í eigu sjálfseignarstofnunar. Hann gæti nýst fyrir ýmsa starfsemi og er stofnunin að leita að heppilegri notkun fyrir húsið. Í raun skiptist húsið í nýrri og eldri hluta og er m.a. þokkalega stór salur í nýrri hlutanum.

6 SJÓNARMÍÐ OG TILLÖGUR VIÐMÆLENDNA

Annar meginþátturinn í gagnaöflun við gerð þessarar skýrslu var að ræða við fólk sem er í forsvari fyrir ýmsa menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu Árborg. Dagana 14. og 15. apríl 2008 og 11. júní voru tekin slík viðtöl og heimsótt fólk á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri sem tengist menningarlífinu á einn eða annan hátt.

6.1 Leiklist

Samkvæmt viðtölum við forsvarsmenn Leikfélags Selfoss er aðstaðan að ýmsu leyti góð fyrir félagsstarfsemina í svokölluðu Iðnaðarmannahúsi (gamla Iðnskólanum), s.s. frelsi hvað tímasetningar æfinga varðar og sýningar að vissu marki. Að sögn formanns leikfélagsins hefur það mikla kosti að hafa aðstöðu út af fyrir sig og þó að gamla Selfossbíó hefði verið gott að mörgu leyti, en þar hafði leikfélagið aðstöðu þar til bíóið var rífið til að rýma fyrir Hótel Selfossi, þá var oft erfitt að geta ekki hafið leikæfingar fyrr en eftir kvikmyndasýningar og eins hefði alltaf þurft að setja upp sviðmyndir fyrir sýningar og taka niður eftir þær til að salurinn væri tilbúinn fyrir næstu kvikmyndasýningu. Í núverandi aðstöðu þarf ekki að hugsa um afnot annarra sem er þægilegt. Gallinn er að heldur fáir komast í sæti á hverja sýningu (hámark 75) og því þarf að hafa margar sýningar þegar um vinsælli uppfærslur er að ræða. Draumur leikfélagsfólks sé að komast með leiksýningar í 100-300 manna sal, sem mætti vera fjölnotasalur, en eiga áfram athvarf fyrir félagsstarfsemina, æfingar og fleira á núverandi stað.

6.2 Ritlist

Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi verður 100 ára árið 2009 eins og fram hefur komið. Í menningarstefnunni er lagt til að *hlutverk þess verði skilgreint upp á nýtt og það verði menningar- og fræðslumiðstöð*. Fram kom í samtölum að húsið dugar ekki í mörg ár til viðbótar bæði fyrir skrifstofur sveitarfélagsins og bókasafn. Jafnvel voru þau sjónarmið uppi að nú þegar vantaði tilfinnanlega meira húsnæði fyrir starfsemi ráðhússins.

Samkvæmt viðtölum við forsvarsmenn safnanna hentar húsnæðið vel fyrir starfsemina og staðsetningin er afar góð. Það hefur m.a. áhrif á aðsóknina sem

er ágæt, að meðaltali 300 heimsóknir á dag og útlán voru um 94.000 á síðasta ári. Yfirbókavörður telur að núverandi aðstaða gæti dugað í allt að 10 ár, en þó væri ljóst að þrengslin mundu setja starfseminni ákveðnar skorður, sérstaklega hvað varðar hlutverk safnsins sem upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn.

Fram kom í fleiri samtölum að sýnilegasti menningarstaðurinn á Selfossi væri bókasafnið og einnig var þess getið hve mikilvægt væri að hafa söfnin við ströndina, enda hagkvæmt að reka saman almennings- og skólabókasöfn en þau síðarnefndu væri nauðsynlegt að hafa og almenningshlutinn væri þá góð viðbót án teljandi aukakostnaðar.

Ljóst er að áhugi er á að efla háskólastarfsemi á Selfossi þrátt fyrir að viðmælendur hafi ekki tekið það mál sérstaklega upp. Bera m.a. tillögur þingmanna kjördæmisins þess vitni og hefur stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga ályktað um málið. Þá hefur verið stofnað til Háskólafélags Suðurlands (Glugginn, 2008, 10. apríl). Benda má á að háskólastarfsemi gæti tengst rekstri öflugss bókasafns og leitt af sér ýmis samlegðaráhrif eins og t.d. er nefnt að ofan um samrekstur almennings- og skólabóksafna.

6.3 Sjónlist

Í menningarstefnu fyrir Sveitarfélagið Árborg 2008-2009 eru ekki gerðar beinar tillögur um húsnæði fyrir sjónlist sem getur náð til margþættrar listsköpunar svo sem höggmynda, málverka og handverks af ýmsum toga. Áherslan er fyrst og fremst á leiðir til að auðga samfélagið með kaupum á listaverkum og að koma þeim fyrir með tilteknum hætti, bæði innan dyra og utan.

Nokkrir viðmælendur bentu á aðstöðuleysi á Selfossi til myndlistarsýninga og erfitt væri um vik ef óskað væri eftir því að setja upp sýningu. Auðvelt væri að fá myndir, t.d. úr Reykjavík, en hentugt húsnæði vantaði. Meðal annars var bent á að æskilegt væri að koma upp myndlistargallerí í nýjum miðbæ. Einnig kom fram að sveitarfélagið mætti gera betur í því að kaupa listaverk af fólki sem hefur valið sér að búa þar og sinna sinni listsköpun.

6.4 Tónlist

Eitt af markmiðum menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar er að *menningarhúsnæði verði sérútbúið með tilliti til tónlistarflutnings*. Þrátt fyrir langa og mikla tónlistarhefð vantar hús sem hentar vel til flutnings tónlistar. Áður hefur verið minnst á langa sögu Tónlistarskóla Árnesinga og hve starfsemi hans er blómleg. Í menningarstefnunni er lögð áhersla á að tryggja starfsemi hans. Skólinn býr við viðunandi húsnæði að sögn forsvarsmanna hans og starfsemi er víða um héraðið á tólf stöðum. Margir viðmælendur sögðust hins vegar sakna þess að ekki væri góður salur í sveitarfélaginu til tónleikahalds og söngskemmtana. Nokkrir kostir eru þó í boði, t.d. kirkjan, íþróttahúsin og salurinn í Hólmaröst.

Fram kom í viðtölum að þeim sem vinna á þessum vettvangi finnst vanta aðstöðu fyrir stærri tónleika. Áður hefur verið minnst á kirkjuna á Selfossi og að mati sumra viðmælanda mun hún halda áfram að þjóna tilteknum þörfum fyrir söng og tónlist, hvað sem annarri uppbyggingu líður. Hið sama á við um húsnæði skóla, þ.e. íþróttahúsin, en viðmælendur bentu á að nýting þeirra væri afar mikil og umstang vegna annarrar starfsemi en íþróttá væri umtalsvert og kostnaður mikill, t.d. vegna leigu á hljóðkerfum, hlífum á gólfin og öðrum búnaði.

Þrátt fyrir að til séu salir sem gætu hýst allstóra viðburði þá er hljóðburði í sumum tilvikum ábótavant. Dæmi um þetta er salur í Fjölbrautaskóla Suðurlands sem tónlistarfólk vill helst ekki nota þar sem hljómburðurinn er afar slæmur.

Nokkrir viðmælendur nefndu að salurinn í Hólmarastarhúsinu hefði ýmsa annmarka. Einkum var nefnt að truflun gæti orðið vegna annarrar starfsemi í húsinu, s.s. hljóðvist gagnvart Draugasetrinu en tónlist sem heyrir inn á þá sýningu spillir upplifuninni. Þá var kvartað yfir því að aðsókn að sýningum þar hefði oftast verið slæm og fólk hafi smám saman gefist upp á að halda þar samkomur.

Fram kom hjá einum viðmælanda áhersla á að salur til tónlistarflutnings þyrfti að vera þannig hannaður að hægt væri að stækka hann og minnka eftir því hve

viðburðir væru stórir hverju sinni. Slæmt væri t.d. að vera „aðeins“ með 300-400 manna samkomu í sal sem tæki 800-1000 manns eins og íþróttahúsin.

Forsvarsmenn kóra sögðust almennt reyna að bjarga sér og setja upp viðburði í þeim húsum sem eru til staðar. Ekkert þessara húsa væri þó gott tónlistarhús nema kirkjan. Nóg væri af flötum sölum sem hefðu mismunandi annmarka. Draumurinn væri að fá um 300 manna sal sem yrði sérhannaður fyrir tónlistarflutning.

6.5 Söfn og sýningar

Fram kom í mörgum viðtölum að æskilegt væri að tengja betur saman menninguna við ströndina, á Eyrarbakka og Stokkseyri við það sem er að gerast á Selfossi. Í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar er eitt af markmiðunum að *efla safna- og sýningaraðstöðu á Selfossi og að kanna samstarf við Byggðasafn Árnesinga um að koma upp sýningu á Selfossi sem tengist sögu Ölfusárbrúar*. Hvað síðarnefnda þáttinn snertir, þ.e. Ölfusárbrú, væri í ljósi sögunnar, æskilegt að kanna möguleika á því hvernig byggðasafnið gæti tengst starfsemi í Tryggvaskála sem er sjálfseignarstofnun og kom þetta fram hjá nokkrum viðmælendum. Þar er nú unnið metnaðarfullt starf við að koma húsinu í upprunalegt horf með þeim breytingum þó sem nútíminn kallar á í brunavörnum og fleiri tæknilegum atriðum. Skálinn, upphaflegt hlutverk hans, staðsetning og brúarsmíði gæti verið skemmtilegt sameiginlegt viðfangsefni eigenda skálans og Byggðasafns Árnesinga. Einnig væri æskilegt að sjónarmið byggðasafnsins kæmu fram ef/þegar byggt verður hús í nýjum miðbæ til að hýsa bókasafn og fleira, eins og áður hefur verið fjallað um.

6.6 Hótel Selfoss

Í viðtali við framkvæmdastjóra Hótel Selfoss í apríl 2008 kom fram að eigendur hótelsins hafa boðið sveitarfélaginu svokallaðan menningarsal til kaups og að hans mati mætti koma honum í nothæft og viðunandi ástand fyrir liðlega 100 milljónir kr. fyrir utan kaupverð sem gæti verið um 90 milljónir kr. Hann taldi þetta geta verið góðan kost, bæði fyrir sveitarfélagið og hótelið, m.a. vegna jákvæðra samlegðaráhrifa í rekstri. Nánast einu notin sem hafa verið af salnum eru þau að nemendur Fjölbrautarskóla Suðurlands hafa sett þar upp söngleiki.

Fram kom í viðtölum við tæknimenn hjá sveitarfélaginu að ekki hefði verið gerð nákvæm úttekt á ástandi salarins og því væru miklir fyrirvarar settir við allar kostnaðartölur.

Áberandi var hjá mörgum viðmælendum að ekki væri vansalaust að hafa í yfir 20 ár haft á staðnum stóran sal, menningarsalinn í Hótel Selfossi, hálfkláraðan. Þar hefði verið lagt í mikinn kostnað sem síðan hefði ekki komið að notum, nema með fáeinum undantekningum, þ.e. þegar nemendur við Fjölbrautaskóla Suðurlands hefðu sett þar viðburði á svið við erfiðar aðstæður. Greinilegt er að margir íbúar í Sveitarfélaginu Árborg, sem tengjast menningu og listum telja það forgangsverkefni að ljúka byggingu salarins og koma honum í notkun.

6.7 Menningarverstöðin Hólmaröst

Hólmarastarhúsið er allt í einkaeign nokkurra aðila. Hjá forsvarsmönnum Draugasetursins kom fram að kostnaðurinn við að halda úti fjölþættri starfsemi væri mikill og þó aðsókn væri góð, um 14 þúsund gestir árlega í Draugasetrinu og búast mætti við svipaðri aðsókn á Álfa, trölla- og norðurljósasafnið, þá mætti lítið út af bregða í rekstri sem þessum. Rekstraraðilar hafa óskað eftir því að fá starfsemina viðurkennda sem safn, sem er forsenda fyrir niðurfellingu fasteignaskatta. Sveitarfélagið hefur tekið þá afstöðu að líta á þetta sem safn í skilningi safnalaga þótt það hafi ekki verið staðfest af safnaráði (Andrés Sigurvinsson, 2008). Viðhaldskostnaður væri verulegur og það að breyta og bæta kostaði sitt, t.d. í salnum á efstu hæðinni þar sem unnið var að endurbótum á hljóðvist þegar höfundar þessarar skýrslu sóttu Stokkseyri heim. Sá salur og nærliggjandi rými, sem áður hefur verið minnst á, hefur ekki nýst sem skyldi, m.a. vegna þess að frágangur salarins, t.d. hljóðeinangrun og hljóðvist, hefur ekki verið með besta móti.

Fram kom hjá Elvari Guðna listmálara, sem var sá fyrsti sem kom inn í breytta notkun á Hólmarastarhúsinu, að engin sýningaraðstaða væri á vegum sveitarfélagsins og hann hefði viljað sjá þetta hús nýtt betur, hugsanlega bæði fyrir myndlist og leiklist. Atvinnuleikhópur gæti t.d. haft þarna aðstöðu og þjónustað svæðið, skólana, Draugasetrið o.fl. Þá var þess getið að fiskvinnsla væri austast í húsinu sem hefði stundum ónæði og lyktarmengun í för með sér,

en e.t.v. mætti einnig líta á þá starfsemi sem vannýtt tækifæri þar sem vinnslan gerði starfseminu í Hólmaröst fjölþættari en væri án hennar.

6.8 Samantekt

Í eftirfarandi töflu er samantekt þeirra sjónarmiða sem fram komu í viðtölum og/eða þeim gögnum sem skýrsluhöfundar fengu í hendur. Uppsetning er sú sama og í fyrri köflum, þ.e. skipting í listgreinar og aðra efnisflokka samkvæmt menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar.

Tafla 2. Samantekt yfir sjónarmið fulltrúa einstakra listgreina.

Listgrein	Mat á núverandi aðstöðu	Óskir um breytingar
Leiklist	<p>Aðstaða til félagsstarfs góð, leigulaust húsnæði. Þarf að laga brunavarnir. Fáir komast á sýningar í einu (75). Þarf margar sýningar ef verk eru vinsæl. Vantar aðstöðu og erfitt aðgengi fyrir fatlaða.</p> <p>Salur í hóteli myndi aðeins nýtast að takmörkuðu leyti, félagsaðstaða ekki til staðar, þyrfti að stækka anddyri. Erfitt að koma núna einhverri annarri starfsemi inn í hótelið. Salurinn gæti ekki talist verða fjölnota.</p> <p>Möguleikar á fleiri stöðum, t.d. Hólmaröst og íþróttasölum, með ákveðnum annmörkum þó.</p>	<p>100-300 manna salur, „fjölnotasalur“ eða „svartur kassi“. Byggja e.t.v. við leikhúsið?</p> <p>Mikilvægt að hafa núverandi aðstöðu áfram, m.a. vegna félagsaðstöðu og smærri sýninga þó einnig væri hægt að komast í stærri sal.</p> <p>Fram komu ábendingar um að umræður hafa verið í gangi um þann möguleika að stofna til atvinnuleikhóps í Árborg. Slíkur hópur þyrfti þá að fá heppilega aðstöðu til sýninga.</p>
Ritlist	<p>Staðsetning bókasafns á Selfossi er góð. Húsnæðið hentugt og dugar til ca. 10 ára. Bókasafnið einn sýnilegasti menningarstaðurinn í sveitarfélaginu og ákveðin þungamiðja.</p> <p>Bókasafn á Eyrarbakka í þjónustuskrifstofu sveitarfélagsins verður flutt í grunnskólann og sameinað skólabókasafninu</p> <p>Almennings- og skólabókasafnið á Stokkseyri verður flutt í nýjan grunnskóla þegar hann verður risinn.</p>	<p>Vilji til að vera helst áfram á sama stað, en raunsæi á að safnið þurfi meira rými innan nokkurra ára. Safnið þarf að hafa svipaða staðsetningu og nú ef farið verður út í breytingar. Talað um að bókasafn gæti fengið útvíkkað hlutverk sem menningarmiðstöð, eins og það er reyndar nú þegar. Mikilvægt er að hugsað verði fyrir góðum geymslum fyrir bókasafnið verði breytingar á staðsetningu þess.</p>
Sjónlist	<p>Aðstöðu vantar til myndlistarsýninga á Selfossi.</p> <p>Aðstaða til myndlistarsýninga í Listasafni Árnesinga í Hveragerði mjög góð. Stefna þess er að vera með metnaðarfullar sýningar.</p> <p>Viðkvæmt mál að hengja upp myndir í Tryggvaskála sem hlotið hefur vandaða uppgerð (mætti líklega leysa með sérstökum búnaði).</p> <p>Möguleikar til sýningar myndlistar hafa verið nýttir víðar en hafa vissa annmarka,</p>	<p>Óskað eftir stærri aðstöðu til sýningahalds, t.d. í anda þess sem Listagjain er í dag.</p> <p>Salur sem hægt væri að nota til að taka á móti gestum sveitarfélagsins og halda einnig í myndlistarsýningar.</p> <p>Vantar aðstöðu fyrir þá sem ekki komast inn í Listasafnið í Hveragerði með sín verk.</p> <p>Vantar fleiri í þessum sama listageira inn á svæðið og aðstöðu fyrir þá.</p>

	t.d. hjá fyrirtækjum, veitingahúsum eða í opinberum stofnunum.	
Tónlist	<p>Aðstaða í Selfosskirkju ágæt fyrir allt að 270 manns, hljómburður góður og leiga lág en í kirkju eru hömlur á dagskrá viðburða.</p> <p>Dýrt að leigja sal í FSU, hljómburður þar er afar slæmur að mati viðmælenda.</p> <p>Íþróttahús taka stærstu viðburði allt að 1000 manns, kostar talsvert í hvert skipti og önnur starfsemi getur aðeins vikið skamma stund. Getur verið þungt í vöfum. Leiga lág í íþróttahúsi Vallaskóla.</p> <p>Tónlistarskóli hefur 100-120 manna sal sem getur hýst flesta eigin viðburði en nýtir oftast kirkju fyrir stærstu viðburði ca. 4 sinnum á ári.</p> <p>Söngleikir FSU hafa verið settir upp bæði í Hólmaröst og í menningarsal í Hótel Selfossi. Staðsetning Hólmarastar virðist skipta máli í því sambandi en salurinn þar væri annars nokkuð góður en nýting hans þyrfti að vera betri.</p> <p>Að mati viðmælenda býr Karlakór Selfoss þokkalega hvað húsnæði varðar en ætlar að stækka við sig félags- og æfingaaðstöðu með kaupum á stærri hlut í núverandi húsnæði.</p> <p>Jórukór hefur ekki eigin aðstöðu, en notar aðstöðu karlakórsins til æfinga.</p>	<p>Margir viðmælendur óskuðu eftir stórum sal til tónleikahalds og var gjarnan vísað til salarins í hótelinu í því sambandi enda er hann af þeirri stærðargráðu sem hugur margra stendur til. Flatir salir eru til víða.</p> <p>Margir höfðu áhyggjur af því hvernig væri hægt að leysa mál hvað varðar mismunandi eignarhald á rýmum innan hótelsins og sambland við rekstur hótelsins. Áhyggjur af lausn hljóðvistarmála milli salarins og herbergja hótelsins. Greinilegt er að sporin hræða í þeim efnum. Ummæli um salinn bera vitni um þetta, s.s. Slæm „ára“ kringum salinn, góð staðsetning en „brasksaga“ hræðir frá. Aðkoma að sal erfið „hótelíð búið að vaxa allt í kringum hann“.</p>
Söfn og sýningar	Byggðasafn og önnur söfn í sveitarfélaginu búa að mati viðmælenda almennt við góða aðstöðu. Lítið er þó í boði af þessu tagi á Selfossi.	Nokkrir viðmælendur sýndu áhuga á að koma upp sýningu um upphaf byggðar á Selfossi og e.t.v. einnig „afleggjara“ af Byggðasafni Árnésinga í tengslum við slíka sýningu. Tryggvaskáli á Selfossi sem hefur að mestu verið endurbyggður var nefndur sem heppileg staðsetning í þessu samhengi. Þar kæmi einnig til greina að hafa handverkssýningar, ýmsar uppákomur með vísan í fortíðina, kaffihús, svo og upplýsingagjöf til ferðamanna og annarra gesta.

7 TILLÖGUR SKÝRSLUHÖFUNDA

Í skýrslu sem tekin var saman af Reykjavíkúakademíunni, *Samstarf í menningarmálum*, skýrsludrög 24. apríl 2006, kemur fram að greina megi aukinn vilja fyrir því að aðild og aðkoma borgaranna að listum og menningarstarfi verði sem best tryggð, jafnvel þó það geti skert sjálfstæði einstakra stofnana og ímyndarlega afmörkun einstakra sveitarfélaga. Í þeirri skýrslu er einkum fjallað um menningarstarfsemi í Reykjavík, Hafnarfirði, Árborg, Reykjanesbæ og Akranesi. Landfræðilega myndar svæðið um 50 km radíus út frá miðborg Reykjavíkur. Þetta svæði hefur stundum verið nefnt „frá Hvítá til Hvítár“, þ.e. á milli Hvítár í Árnassýslu og Hvítár í Borgarfirði. Ef það er útvíkkað aðeins og Sveitarfélagið Árborg og Borgarbyggð tekin með bjuggu í byrjun árs 2008 liðlega 241.000 manns í 22 sveitarfélögum á þessu svæði, þ.e. um 77% allra landsmanna. Þegar horft er til þessarar staðreyndar kann stundum að vera hollt að horfa til fjárfestingar í aðstöðu fyrir menningu í stærra samhengi en aðeins frá sjónarhóli einstakra sveitarfélaga, svo ekki sé talað um togstreitu innan þeirra, eftir hverfum eða þéttbýliskjörnum.

7.1 Almennar tillögur

Almennt séð má segja að menningarlíf sé blómlegt í Sveitarfélaginu Árborg og að það búi við góðan húsakost á ýmsum sviðum. Ekki þarf annað en skoða dagskrá hátíðarinnar *Vor í Árborg 2008* til að sannfærast um það: Fjallasalur Sunnulækjarskóla þar sem hátíðin er sett. Vígsla á nýju gallerí, Gallerí Gónhól, í gamla frystihúsinu á Eyrarbakka, Veiðisafnið á Stokkseyri og Gallerí Sjöfn, tónlistaratriði í stóra salnum í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri, ásamt fleiri viðburðum í því húsi í bland við álfa, tröll og drauga. Tónleikar í Selfosskirkju, saga sveitaballanna í Iðu. Þá má nefna opið hús í leikhúsinu við Sigtún, kvikmyndasýningar og margt fleira.

Með alla þessa grósku og fjölbreytni í huga, og með hliðsjón af því hve dagskráin fer fram á mörgum stöðum og í húsnaði af ýmsum toga, vaknar sú spurning hvort nokkuð vanti. Er ekki nóg húsnaði í sveitarfélaginu til að allar listgreinar geti fengið sómasamlegt þak yfir sýna starfsemi? Að mörgu leyti er það svo og þess vegna er rétt að fara varlega í miklar fjárfestingar fyrir nýtt húsnaði undir menningarstarfsemi. Í því samhengi má vísa í bandaríska

félagsvísindamaðurinn Richard Florida, sem áður hefur verið nefndur. Í erindi sem Njörður Sigurjónsson hélt á ráðstefnunni, *Menning sem atvinnugrein* á Bifröst 27. október 2007 segir meðal annars:

Bandaríski félagsvísindamaðurinn Richard Florida er frægur fyrir bók sína *The Rise of the Creative Class (And How It's Transforming Work, Leisure and Everyday Life)* sem kom út árið 2002. Í þeirri bók er því haldið fram að svæði sem hafa hátt hlutfall skapandi fólks sem starfar í hátækni, listamenn, tónlistarfólk (þ.e. vinnur við hina skapandi atvinnugreinar) og nokkuð sem hann kallar "há bóhemar" (high-bohemians á ensku), hafi meiri möguleika á efnahagslegum vexti en svæði sem ekki búa að viðveru þessara þjóðfélagshópa. Hann leggur síðan áherslu á að skipulag og uppbygging borga (en greining á borgarskipulagi er helsta viðfangsefni RF) taki mið af því að reyna að laða að, rækta og halda í það sem hann kallar hina skapandi stétt. Fólk sem kys opið, margbreytilegt og umburðarlynt umhverfi, bæði í persónulegu lífi og í sínu starfsumhverfi. Þess konar umhverfi laðar síðan sjálf til sín meira af afburða- og hæfileikafólki því skapandi fólk vill umgangast annað skapandi fólk.

Florida vekur athygli á breyttu neyslumynstri menningar sem lýsir sér í því að hin skapandi stétt hefur minni áhuga á að fara á sínfóniutónleika og hámenningarviðburði en að umgangast listamenn í tengslum við starf þeirra og blanda saman hlutum eins og útivist og ævintýrum í mat, hinu óvænta og óundirbúna, hinu hversdagslega sem upplifun. Í þessu samhengi er mikilvægt að athuga að það eru ekki stórar fjárfestingar í risabyggingum, tónlistarhúsum og verslunarmiðstöðum sem skapa forskotið í samkeppninni um hið skapandi vinnuafl. Því leggur Florida áherslu á að misráðið sé að leggja alla þá fjármuni sem ætlaðir eru til uppbyggingar í slíka hluti sé ætlunin að móta upp það samfélag sem hann lýsir.

Sótt á vefinn 19.06.08.

www.bifrost.is/default.asp?sid_id=908&tId=2&fre_id=63438&meira=1

Framangreint er í góðu samræmi við það sem fram kemur í skýrslu sem menntamálaráðuneytið gaf út í október 2000, *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* og áður hefur verið nefnd. Þegar fjallað er um aðstöðu kemur m.a. þetta sjónarmið fram: „Það þarf engar hallir“. Víða er minnst á að vandi menningarstarfs á landsbyggðinni sé ekki húsnæðisvandi, heldur skortur á rekstrarfé til að halda starfsemi blómlegri. Þó er einnig bent á að aðstöðuleysi hamli starfsemi, t.d. leikfélaga, en það eigi ekki endilega við um sýningaraðstöðu heldur fastan samastað, æfingaraðstöðu, geymslur og að hafa „sitt eigið“ fyrir félagsstarfið. Þetta á trúlega við um marga aðra en þá sem stunda leiklist, t.d. kóra og ýmis félög sem einhvers staðar verða að geta geymt dótið sitt.

Benda má á að mikið framboð húsnæðis á landsbyggðinni á sér oft skýringar í annars neikvæðri samfélagsþróun á viðkomandi stöðum, þ.e. fækkun fólks og fyrirtækja ásamt atvinnuháttabreytingum í átt frá frumvinnslu og iðnaði sem skilja gjarnan eftir húsnæði sem er vannýtt eða autt. Á Selfossi, þar sem hefur

verið mikill uppgangur á undanförunum árum, er staðan frábrugðin að þessu leyti. Þetta á samt við um bæði Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem fjölbreytt menningarstarfsemi nýtir atvinnuhúsnæði, t.d. fyrrum fiskvinnsluhúsnæði.

Að öllu vegnu og metnu er lagt til að varlega verði farið í fjárfestingar í nýju húsnæði undir menningarstarfsemi og að svo miklu leyti sem það verður gert skuli þess alltaf gætt að hugsa fyrir rekstrinum, því það er hann sem útheimtir fjármuni til lengri tíma litið. Hér á eftir verða gerðar tillögur um aðstöðu fyrir hverja listgrein fyrir sig og er þá haldið sömu umfjöllun og í fyrri köflum, en þau efnistöð eiga sér rætur í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar, eins og m.a. kom fram í inngangi. Einnig er fjallað um nýtt fjölnotahús í nýjum miðbæ á Selfossi.

7.2 Leiklist

Leikfélag Selfoss hefur aðstöðu fyrir félagsstarf, æfingar og sýningar í gömlu húsi í miðbæ Selfoss að Sigtúni 1, eins og fram hefur komið. Einnig hefur komið fram að samkvæmt viðtölum við forsvarsmenn Leikfélags Selfoss er núverandi aðstaða að ýmsu leyti góð fyrir félagsstarfsemina og einnig fyrir leiksýningar að vissu marki. Hér á eftir er greint frá því húsnæði í sveitarfélaginu sem nota mætti fyrir leiklist, en einnig er fjallað um hvernig leiklistin gæti átt sér aðstöðu í nýju fjölnota húsi í miðbænum, þegar fram líða stundir.

Hótel Selfoss – menningarsalur. Sjá umfjöllun í kafla 7.7.

Menningarverstöðin Hólmaröst. Sjá umfjöllun í kafla 7.8.

Sigtún 1, gamli Iðnskólinn. Eins og fram kom í kafla 3.4.2 er eitt af markmiðum stefnumótunar í menningarmálum í Sveitarfélaginu Árborg, sem nýlega hefur verið sett fram, að *húsnæði og aðstaða til æfinga og flutnings leikverka verði aukin og bætt*. Spurning er þá hvernig það verði gert með sem bestum og hagkvæmustum hætti. Vísu má einnig til þess sem fram er komið í kafla 5.1 um aðstöðu Leikfélags Selfoss í gamla Iðnskólanum, en þar þykir mikill kostur að hafa félags- og æfingaraðstöðu út af fyrir sig þó sýningar- aðstaðan sé takmörkuð. Æskilegt væri að sögn formanns LS að komast með leiksýningar í 100-300 manna sal, sem mætti vera fjölnotasalur, en að félagið eigi áfram athvarf fyrir fundi, æfingar og fleira á núverandi stað. Aðeins var

rætt um hugsanlega stækkun á núverandi aðstöðu leikfélagsins og fljótt á litið virðist lóðin leyfa það, en sá kostur hefur hvorki verið skoðaður nýlega né rætt um hann við sveitarstjórn. Ef ráðist yrði í slíka framkvæmd mætti byggja þar svokallaðan „svartan kassa“ eins og víða eru notaðir fyrir leiklist, þ.e. húsnæði sem er fremur einfalt og „hrátt“ og ekki svo „fint“ að nokkur þurfi að kveinka sér þó rekinn sé nagli hér eða þar. Slíkt húsnæði gæti nýst LS eða öðrum, þ.m.t. mögulegum atvinnuleikhópi og gestasýningum. Hið sama á við um aðstöðu fyrir leiklist í fjölnota menningarhúsi.

Þegar skýrsluhöfundar skoðuðu gamla Iðnskólann leyndi sér ekki að æskilegt væri að lagfæra ýmislegt. Stólarnir eru til dæmis ekki þægilegir, aðkoma og aðstaða fyrir fatlaða óásættanleg og brunavörnum mun vera ábótavant. Þrátt fyrir annmarkana er ljóst að húsið er leikfélaginu dýrmætt, ekki síður fyrir félagslega þáttinn en fyrir leiksýningar. Ljóst er að einhverjar endurbætur og lagfæringar þarf að gera á húsinu, t.d. vegna brunavarna og aðgengis fatlaðra, sérstaklega ef á að nota það sem aðalsýningarstað leikfélagsins til lengri framtíðar, en í samanburði við nýbyggingu eða lagfæringar á öðru húsnæði sem gæti komið að sömu notum getur kostnaður við það ekki talist mikill.

Tillaga

Lagt er til að gamla Iðnskólinn, að Sigtúni 1 verði áfram samastaður og félagsheimili Leikfélags Selfoss. Það er vel við hæfi með vísan til stofnunar og sögu félagsins. Jafnframt verði hugsað fyrir því að í nýju fjölnota menningarhúsnæði í miðbæ Selfoss verði ákjósanleg aðstaða fyrir leiksýningar LS eða annarra þegar slíkt hús verður byggt.

7.3 Ritlist

Í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar segir: „Í tilefni af 100 ára afmæli Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi, árið 2009, verði hlutverk þess skilgreint upp á nýtt fyrir næstu öld sem Menningar- og fræðslumiðstöð.“ Eins og fram hefur komið í fyrri köflum þarf innan fárra ára að bregðast við þeim þrengslum sem eru í ráðhúsinu við Austurveg 2 á Selfossi. Í þeim eignum eru a.m.k. tveir kostir. Annars vegar að stjórnslá sveitarfélagsins fái allt húsið til sinna nota og hins vegar að það verði notað fyrir bókasafn og aðra menningarstarfsemi.

Ráðhús, Héraðsbókasafn og Héraðsskjalasafn Austurvegi 2. Að teknu tilliti til sjónarmiða viðmælenda, skipulags nýs miðbæjar og fleiri atriða

hallast skýrsluhöfundar að því að byggingin verði öll tekin undir starfsemi ráðhúss. Aðkoma getur eftir sem áður bæði verið að norðan og sunnan, en óneitanlega verður það þekkilegra að þetta áberandi hús hafi aðkomu og aðalinngang á 1. hæð við Austurveg, þar sem það blasir við þegar komið er úr norðri um brúna yfir Ölfusá. Byggingin virðist í góðu ásigkomulagi og nýttist vel sem ráðhús, enda upphaflega byggt sem skrifstofu- verslunar- og þjónustuhús. Til lengri tíma litið mætti hugsa sér að aukin rýmisþörf yrði leyst með tengingu við væntanlega nýbyggingu í svokölluðum turni, sbr deiliskipulag miðbæjar (Mynd 1), eða í húsi sem merkt er bókaCAFÉ/netCAFÉ á sömu mynd. Þannig væri vel séð fyrir aukinni húsnæðisþörf stjórnarsýslu sveitarfélagsins til langs tíma litið, með góðum tengslum við vaxandi miðbæ, jafnvel þótt uppbygging hans taki mörg ár.

Þá er það hinn hluti starfseminnar sem er í húsinu við Austurveg 2, þ.e. bókasafnið ásamt upplýsingamiðstöð og héraðsskjalasafnið. Það sýnist nokkuð ljóst að núverandi aðstaða dugar ekki til langframa og þó að í viðtölum kæmi fram að þarna væri gott að vera, t.d. vegna staðsetningar, þá blasir við að starfsemi er nokkuð þröngur stakkur sniðinn, a.m.k. á sumum sviðum. Upplýsingamiðstöðin mun á næstu árum þurfa aukið húsnæði og miðað við þá staðreynd að um 4000 gestir sækja þangað þjónustu á tímabilinu frá miðjum maí og fram í miðjan september hljóta þrengsli stundum að vera til trafala. Með hliðsjón af menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar, þ.e. að bókasafnið verði skilgreint upp á nýtt sem menningar- og fræðslumiðstöð má ætla að hlutverk þess verði enn fjölþættara og verkefni fleiri. Það er í góðu samræmi við eina af tillögnum í *Skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* sem menntamálaráðuneytið gaf út í október 2000. Þar segir á bls. 11 um almenningsbókasöfn sem menningarmiðstöðvar: „Lagt er til að sveitarstjórnir nýti almenningsbókasöfn í auknum mæli með því að ætla þeim hlutverk við eflingu símenntunar, frístunda fyrir unga sem aldna, listkynningar og skipulagningu menningarviðburða, útgáfu og almennrar upplýsingamiðlunar fyrir heimamenn og gesti.“

Framangreint ýtir enn frekar undir að hugsað verði fyrir nýju húsnæði fyrr en seinna og skipulag miðbæjar Selfoss gefur gott svigrúm til þess. Staðsetning við nýtt torg, Ártorg, yrði góð og bókasafnið (í framtíðinni menningar- og

fræðslumiðstöð) er heppileg starfsemi til að glæða nýjan miðbæ lífi og vera þar tiltekin kjölfesta. Það er einnig mikilvægt, með tilliti til kostnaðar, að það sem lagt er upp með sé raunhæft, bæði í uppbyggingu og rekstri. Kjarnastarfsemi, eins og almenningsbókasafn, með öllu sem því tilheyrir, er sveitarfélaginu skylt að reka og sá rekstur er til staðar. Viðbótarkostnaður í rekstri ætti því ekki að verða sligandi þó húsnæðið yrði stækkað. Það skiptir miklu máli. Í nýbyggingu gæfist kostur á að huga vel að öllum öryggisatriðum, sem oft er erfitt að fást við í gömlum húsum, nema með miklum tilkostnaði enda gerir bókasafn miklar kröfur til húsnæðis. Það á við um eldvarnir, flóðahættu, vágvegna jarðskjálfta, þjófavarnir, burðarþol og fleiri tæknileg atriði. Þá er mikilvægt að góðar geymslur fylgi safninu. Jafnframt gæfist kostur á að hugsa fyrir upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Æskilegt er að hún sé á miðbæjarsvæðinu, þó síður inni í bókasafninu, þar sem hún skapar eitthvert ónæði, en gæti tengst því. Á skýringaruppdrætti deiliskipulags miðbæjar er birt hugmynd að staðsetningu ferðaskrifstofu og pósthúss sunnan bæjartorgsins og þar kann að vera hentugt og gott að vera einnig með upplýsingamiðstöð, í nágrenni við menningar- og fræðslumiðstöð (bókasafn o.fl.) og aðeins steinsnar frá fjölþættri þjónustu. Í nýju húsi yrði auðvelt að vera með tilvísun í ýmislegt sem sjá má niður við ströndina, sbr. það sem áður hefur komið fram um bókasafn og þjónustuskrifstofu á Eyrarbakka og hugsanlega mætti vera með sýnishorn eða litlar sýningar sem tengingu við þá miklu menningarstarfsemi sem er að finna á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Tillaga

Lagt er til að söfnin sem nú eru í Ráðhúsinu fái aðstöðu í nýju fjölnota menningarhúsi í miðbæ Selfoss við Ártorg. Það er í góðu samræmi við menningarstefnuna um bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi, „að hlutverk þess verði skilgreint upp á nýtt og það verði menningar- og fræðslumiðstöð.“

7.4 Sjónlist

Fram kom hjá mörgum viðmælendum að aðstöðu til sýningarhalds vantaði á Selfossi. Vissulega er það rétt að ekki er til staðar salur sem sérstaklega er gerður fyrir slíka starfsemi en eins og sjá má af dagskránni um „Vor í Árborg“ er þó ýmissa kosta völ hvað húsnæði snertir.

Menningarverstöðin Hólmaröst. Sjá umfjöllun í kafla 7.8.

Listasafn Árnesinga – aðstaða fyrir myndlist. Tekið er undir það sem kemur fram í menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar, að gerður verði samstarfssamningur við Listasafn Árnesinga um ýmis atriði í þessum málaflokki, sbr. kafla 3.4.2. Eins og dregið hefur verið á, kom fram í viðtölum að sýningaraðstöðu vantaði á Selfossi. Slík aðstaða er að vísu til í sveitarfélaginu, t.d. í Hólmarastarhúsinu og víðar, en taka má undir það sjónarmið margra viðmælenda að æskilegt væri að hafa einnig hentugt sýningarhúsnæði á Selfossi. Nærtækt er þá að vísa til þess sem sagt hefur verið um bókasafnið og stefnuna um það þar sem segir: *Lagt er til að hlutverk þess verði skilgreint upp á nýtt og það verði menningar- og fræðslumiðstöð.* Það hljómar vel að hluti menningarmiðstöðvar geti verið aðstaða til ýmiss konar sýninga. Öryggisþættir ættu að vera í lagi í slíku húsi og jákvæð samlegðaráhrif vegna afgreiðslu og umsjónar.

Tillaga

Lagt er til að aðstaða til myndlistarsýninga verði í nýju fjölnota húsi í miðbæ Selfoss.

7.5 Tónlist

Þrátt fyrir að finna megi húsnæði í Sveitarfélaginu Árborg sem hentar fyrir tónlist nefna margir viðmælendur vöntun á húsnæði sem er sérhannað fyrir tónlistarflutning. Í því samhengi er jafnan minnst á svokallaðan menningarsal í Hótel Selfossi, sem fjallað er nánar um hér á eftir. Einnig er gerð grein fyrir öðru húsnæði sem nota má fyrir tónlist, kostum þess og göllum.

Hótel Selfoss – menningarsalur. Sjá umfjöllun í kafla 7.7.

Menningarverstöðin Hólmaröst. Sjá umfjöllun í kafla 7.8.

Selfosskirkja. Kirkjan mun væntanlega gegna miklu hlutverki fyrir tónlistina á staðnum til langrar framtíðar. Hún þjónar tilteknum þörfum vel, en þar sem ekki eru nein áform um breytingar á henni eða aðstæðum þar er engin tillaga gerð varðandi hana frá skýrsluhöfundum.

Önnur hús fyrir tónlistarflutning. Eins og fram hefur komið er blómlegt tónlistarlíf í Sveitarfélaginu Árborg og tiltækt húsnæði hefur verið notað, kirkjan, íþróttasalir, húsnæði karlakórsins o.fl. Mikil hefð er fyrir starfi kóra. Fram kom í viðtölum að heldur hefði dregið úr virkni þeirra og vildu sumir kenna um aðstöðuleysi. Erfitt er að meta slíkt, en það er þekkt víða um land

að samkeppni um frítíma fólks er afar mikil og möguleikar til fjölbreyttrar dægradvalar verða sífelld meiri og kann skýringa því einnig að vera að leita þar. Hvað íþróttahúsin snertir var nefnt að kostnaður væri mikill vegna leigu á búnaði ef nota ætti þau til menningarviðburða. Eitt af því sem mætti skoða er hvort hagkvæmt væri fyrir sveitarfélagið að eiga meira af búnaði en nú er, en til þess þarf notkunin væntanlega að vera afar mikil, enda hefur þróunin fremur verið í þá átt að sveitarfélög eigi minna af tækjum og búnaði en áður var, en leiti frekar á hinn almenna markað um leigu.

Tillaga

Lagt er til að aðstaða til tónlistarflutnings verði í nýju fjölnota húsi í miðbæ Selfoss.

7.6 Söfn og sýningar

Byggðasafn Árnesinga. Byggðasafnið í Húsinu er til mikillar fyrirmyndar og hið sama má segja um Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, sem hið fyrrnefnda rekur samkvæmt þjónustusamningi. Vísað er til fyrri kafla í umfjöllun um þessi söfn, en þar sem þarna virðist öllu vel til haga haldið eru ekki gerðar tillögur um neinar breytingar. Rétt er þó að minnast á það sem kom fram hjá nokkrum viðmælendum að æskilegt væri að starfsemi safnanna tengdist betur hliðstæðri starfsemi á Selfossi, sbr. t.d. kafla 6.5. Vísað til umfjöllunar um Tryggvaskála hér á eftir og einnig er lögð áhersla á að þegar byggð verður ný menningar-miðstöð í miðbæ Selfoss þá verði hugað að aðstöðu til að tengjast söfnum og sýningum við ströndina.

Tillaga

Lagt er til að hugsað verði fyrir sýningaraðstöðu í nýju fjölnota húsi í miðbæ Selfoss sem hafi skírskotun til safnanna á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Tryggvaskáli. Vegna umfjöllunar um bókasafn og upplýsingamiðstöð hér að framan er mikilvægt að benda á skammtímalausn, þar sem nokkurn tíma mun taka að byggja nýja menningar- og fræðslumiðstöð, jafnvel þó ákvörðun um það yrði tekin innan skamms. Metnaðarfull viðgerð hefur farið fram á Tryggvaskála og þar eru ýmsir möguleikar fyrir hendi um notkun og rekstur. Frá upphafi var alltaf veitingarekstur í húsinu, þar til 1974 þegar sveitarfélagið keypti húsið. Þá var þar komið á fót upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn o.fl. Þar væri nú hægt að svara kalli um betri aðstöðu fyrir upplýsingamiðstöð og

losa bókasafnið í leiðinni við hana. Einnig mætti, í samvinnu við byggðasafnið, gera skil upphafi byggðar á Selfossi, sem er nátengd smíði brúarinnar yfir Ölfusá. Þarna væri jafnframt hægt að bjóða upp á aðstöðu fyrir myndlistarsýningar, en eins og fram kom í viðtölum er talinn skortur á slíkri aðstöðu á Selfossi.

Tillaga

Sveitarfélagið Árborg hafi frumkvæði að viðræðum við stjórn sjálfseignarstofnunarinnar um hvernig nýta megi Tryggvaskála sem best með áherslu á listir, menningu og sögu staðarins, ásamt upplýsingagjöf.

7.7 Hótel Selfoss - menningarsalur

Í Hótel Selfossi er ófullgerður salur sem gengið hefur meðal almennings undir nafninu menningarsalur. Margir viðmælenda í Sveitarfélaginu Árborg, sem tengjast menningu og listum, telja það forgangsverkefni að ljúka byggingu salarins. Skýrsluhöfundar geta tekið undir það að æskilegt væri að koma salnum í notkun. Samkvæmt því sem fram kom í viðtali við framkvæmdastjóra Hótel Selfoss í apríl 2008 mætti koma salnum í nothæft og viðunandi ástand fyrir líðlega 100 milljónir kr. fyrir utan kaupverð sem gæti verið um 90 milljónir kr.. Hann taldi þetta geta verið góðan kost, bæði fyrir sveitarfélagið og hótelið, m.a. vegna jákvæðra samlegðaráhrifa í rekstri. Þá kom fram kom í viðtölum við tæknimenn hjá sveitarfélaginu að ekki hefði verið gerð úttekt á ástandi salarins og því þyrfti að setja mikla fyrirvara við allar kostnaðartölur.

Eitt af því sem hægt væri að reyna, er að leita samninga við eigendur salarins um aðkomu sveitarfélagsins við að koma honum í rekstur, t.d. með sama formi og er í Hólmaröst, þ.e. samstarfssamningi. Fyrsta skrefið í slíkri vinnu væri að gera vandaða úttekt á ástandi húsnæðisins og leggja mat kostnað við endurbætur og frágang þess. Það flækir þó málin nokkuð að hótélbyggingunni er skipt upp í samtals sjö eignarhluta sem eru ekki allir á einni hendi og að sumt af þeirri starfsemi sem nú er tengt aðkomu að salnum sýnist ekki fara vel saman við hugsanlega starfsemi þar, þó sjálfsagt væri einnig hægt að ná ýmsum jákvæðum samlegðaráhrifum í rekstri salarins og hótelsins. Svokallaður turn, sem ekki er í eigu eigenda hótelsins, var hugsaður til að auka möguleika salarins og hann þyrfti að fylgja með salnum ef hann á að þjóna því

hlutverki, einkum vegna leiktjalda og annars sviðsbúnaðar. Þá er aðeins innangengt í salinn úr hótelinu, salerni og rými til að nota í hléum er hluti af eign hótelsins.

Tillaga

Vegna margra óvissuþátta er ekki mælt með því að sveitarfélagið festi kaup á umræddum sal, en til að stuðla að því að hann komist í notkun gæti verið mögulegt að semja við eigendur hans um tiltekin afnot til nokkurra ára og reyna þannig að tryggja rekstrargrundvöll. Með þessu móti væri sveitarfélagið ekki að binda fjármuni í kaupum á salnum og endurbótum á honum, heldur væri ábyrgðin í höndum eigenda hans með tilteknum möguleikum á samrekstri við hótelfarfsemina.

7.8 Menningarverstöðin Hólmaröst

Eins og fram hefur komið var gerður samstarfssamningur í mars 2005 milli forsvarsmanna Lista- og menningarverstöðvarinnar Hólmarastar og Sveitarfélagsins Árborgar um starfsemi í Hólmaröst, en markmið samningsins var m.a. að efla menningarlega viðleitni og listsköpun. Að mati skýrsluhöfunda er margt til mikillar fyrirmyndar í Hólmaröst og hvernig hefur tekist að ljá húsinu nýtt hlutverk eftir mikinn samdrátt í veiðum og vinnslu sjávaraflla. Þetta er sígilt dæmi um atvinnuháttabreytingar sem skilja eftir í kjölfarinu mikið vannýtt húsnæði.

Hólmaröst er eitt þeirra húsa í sveitarfélaginu þar sem hægt er að halda myndlistarsýningar og e.t.v. mætti nýta það betur til þess, sbr. framangreindan samstarfssamning. Einnig er þar ágætt húsnæði sem e.t.v. mætti nýta betur til sýningarhalds svo sem hjá Elvari Guðna, sbr. kafla 6.7.

Í Hólmaröst er stór salur sem nýta mætti til leiksýninga. Ef sett verða á svið leikverk sem krefjast mun stærra húsnæðis en í gamla Iðnskólanum er þetta einn af þeim kostum sem fyrir hendi eru. Á það hefur þó verið bent að þessi salur hafi verulega annmarka fyrir leiklist vegna lítillar lofthæðar og þar skorti einnig ýmsan búnað sem mikilvægur er við leiksýningar. Engu að síður kann salurinn að henta í einhverjum tilvikum.

Nýlega hafa verið gerðar endurbætur á hljóðvist í Hólmarastarsalnum. Í ljósi þess má hvetja til aukinnar notkunar hans fyrir tónlist og m.a. nýta betur samninginn frá 2005.

Tillaga

Lagt er til að samningurinn frá 2005 um Lista- og menningarverstöðina ehf. í Hólmaröst verði endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af því hvernig hann nýtist báðum samningsaðilum núna.

7.9 Nýtt menningarhús

Ekki verður séð að aðrar aðgerðir en nýtt fjölnotahús uppfylli jafn margar þarfir og óskir í menningarmálum í Sveitarfélaginu Árborg til lengri tíma litið. Í þessu samhengi má benda á hvað verið er að gera á öðrum stöðum.

Á Dalvík er að rísa menningarhús sem hentar vel þörfum þar á bæ. Yfirskrift starfseminnar í húsinu er **upplýsingar**. Burðarásinn í starfseminni verður bókasafn, en undir yfirskriftina upplýsingar fellur margt fleira svo sem fræðslufundir, ráðstefnur, notkun á netinu og rafrænni miðlun gagna samkvæmt bestu tækni á hverjum tíma, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og fleira. Húsið allt er um 700 fermetrar að stærð og í því verður fjölnota salur um 160 fermetrar sem ætlað er að taki um 160 manns í sæti. Ekki er gert ráð fyrir búnaði fyrir leiksýningar, enda hefur leikfélagið á staðnum sitt eigið hús, en þó væri vel hægt að nýta salinn til leikþátta sem ekki krefjast mikils tæknibúnaðar. Salurinn hentar vel til myndlistarsýninga, minni sýninga sem tengjast Byggðasafninu Hvoli og hljómburður er hannaður út frá órafmagnaðri tónlist, sem t.d. hentar vel fyrir talað mál og söng án mikils tæknilegs búnaðar.

Á Akureyri er verið að byggja menningarhúsið Hof. Það er mikil bygging. Þar eru tveir salir sem ætlaðir eru til menningarviðburða af ýmsum toga. Annars vegar er stór salur sem tekur um 500 manns í sæti, 300 á hallandi gólfí og 200 á hallandi svölum. Þar er fast svið og 50 manna hljómsveitargrifja. Þetta er aðstaða sem hentar vel fyrir símfónútónleika, óperur, stórar ráðstefnur og margt fleira. Hins vegar er minni salur, rúmir 200 fermetrar, sem á að taka um 200 manns í sæti. Hljóðvist salarins er miðuð við að tónlist og talað mál fái notið sín. Gólfíð er flatt (svokallað fljótandi parket á sérstökum púðum), lausir stólar og sviðið (um 80 cm á hæð) er samsett úr einingum og þess vegna færanlegt. Fellihurðir skilja þennan sal frá „Fljótinu“ sem svo er nefnt, en það er umferðarleið og miðrymi sem hægt er að opna inn í salinn. Við þær aðstæður mætti hafa 300 til 350 manns í sæti. Akureyrarstofa verður með sínar skrifstofur í Hofi og þar verður jafnframt upplýsingamiðstöð

ferðamanna. Einnig verður þar aðsetur Tónlistarskólans á Akureyri, svo það helsta sé nefnt.

Á þetta er minnst hér vegna þess að sjálfsagt er að læra af reynslu annarra, varast það sem miður reynist en nýta það sem vel gefst. Hér verður ekki fjallað nánar um húsagerðarlist eða tæknileg atriði húsnæðis, enda er slík úfærsla utan efnis þessarar skýrslu sem fyrst og fremst er að greina þarfir og benda á hugsanlegar leiðir til að svara þeim. Það er mat skýrsluhöfunda að nýtt fjölnotahús fyrir menningarstarfsemi muni ekki skaða að neinu ráði starfsemi annarra, einkaaðila eða félaga, enda verði þess gætt við hönnun hússins að keppa ekki beinlínis við það sem fyrir er eða líklegt er að verði á næstu árum. Þarna ber einkum að hafa tvennt í huga. Annars vegar er sú starfsemi sem nú er í Lista- og menningarverstöðinni í Hólmaröst og hins vegar starfsemi sem vonandi verður í menningarsalnum á Hótel Selfossi. Eins og fram hefur komið er lagt til að samstarfssamningurinn við menningarverstöðina í Hólmaröst verði tekinn til endurskoðunar og þá gefst tækifæri til að skerpa á tilteknum áherslum. Einnig hefur komið fram að skýrsluhöfundar telja að menningarsalurinn á Hótel Selfossi sé best kominn í höndum eigenda hótelsins, en styðja mætti við frágang hans og rekstur með samstarfssamningi við sveitarfélagið. Salur í nýju fjölnota húsi við Ártorg mundi t.d. aldrei hýsa stóra tónleika svo sem sinfóníuhljómsveitar. Ekki heldur stórar leiksýningar, þó smærri „stykki“ mætti setja þar á svið. Þannig gæti samstarfssamningur verið öllum viðkomandi aðilum hagkvæmur.

Almennt séð þykir sú aðferðafræði góð að komast að niðurstöðu um hvaða starfsemi á að vera í húsnæði áður en staðsetning þess og gerð er ákveðin. Mörg dæmi eru þó um annað, þ.e. byggt er hús en síðan leggjast menn á rökstóla um hvernig það verði nýtt sem best. Það veldur oftast óþörfum kostnaði sem ber að forðast. Hvað staðsetningu varðar er alveg einsýnt að mati skýrsluhöfunda að ef á annað borð verður farið í nýbyggingu á húsi undir menningarstarfsemi þá verði það í nýjum miðbæ við Ártorg á Selfossi. Skiptar skoðanir kunna að vera um starfsemina en um hana er vísað til þess sem fram hefur komið í fyrri köflum skýrslunnar, en draga má það saman með eftirfarandi hætti.

Fundir og ráðstefnur

- Funda- og ráðstefnuaðstaða
- Aðstaða fyrir móttökur og slíkar samkomur

Sviðslistir

- Tónleikar
- Leiksýningar

Sýningar og kynningar

- Myndlistar- og listaverkasýningar
- Aðrar sýningar og kynningar
- Starfsemi safna (sýnishorn til kynningar) og sýningar

Aðstaða fyrir félagsstarf

- Aðstaða fyrir félög og klúbba
- Aðstaða fyrir listsköpun heimamanna
- Listkennsla og námskeiðshald

Upplýsingar og afþreying

- Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn
- Veitingasala

Miðað við stærð Sveitarfélagsins Árborgar og fjölda íbúa þar sýnist raunhæft að byggja nýtt fjölnotahús fyrir menningarstarfsemi í miðbæ Selfoss. Það fellur vel að deiliskipulaginu við Ártorg og gæti orðið þungamiðja í starfsemi þar og leiðandi í uppbyggingu svæðisins. Mikilvægt er að vel takist til með byggingarframkvæmdir í nýjum miðbæ. Þetta er á viðkvæmum stað á Selfossi og æskilegt hver og einn áfangi í uppbyggingunni taki skamman tíma þó að heildarmyndin náist ekki nema á mörgum árum. Þar getur sveitarfélagið og framkvæmdir á vegum þess ráðið miklu

Tillaga

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg standi fyrir byggingu á nýju fjölnota húsi fyrir menningarstarfsemi í miðbæ Selfoss. Söfnin sem nú eru í Ráðhúsinu við Austurveg 2 verði burðarásinn í starfseminni, en einnig verði hugsað fyrir þörfum ýmissa listgreina og menningarviðburða sem styðja við höfuðstarfsemina og gera heildina fjölbreyttari.

7.10 Verk- og aðgerðaáætlun

Eftirfarandi eru ábendingar um aðgerðir og tímasetningu þeirra. Tillögum er skipt í tvo flokka; aðgerðir sem fara má í með skömmum fyrirvara annars vegar og langtímaúrlausnir hins vegar.

7.10.1 Aðgerðir sem fara mætti í með skömmum fyrirvara

Vísað er til kafla 7.6 um Tryggvaskála, kafla 7.7 um Hótel Selfoss-menningarsal og kafla 7.8 um Menningarverstöðina Hólmaröst, en þar kemur fram ákveðin umfjöllun og tillögugerð. Í öllum tilvikunum gæti Sveitarfélagið Áborg haft frumkvæði að viðræðum við hlutaðeigandi aðila um hugsanlega samvinnu, án þess að ráðist yrði í kaup á húsnæði eða búnaði, enda liggur eignarhald fyrir og engar tillögur eru uppi frá skýrsluhöfundum um breytingar á því.

Annað sem vert er að benda á hér, þó það tengist langtímalausnum eins og fram kemur í kafla 7.9.2, er gerð samninga við þá aðila sem eiga byggingarrétt í nýjum miðbæ á Selfossi. Mikilvægt er að sveitarfélagið móti sér sem fyrst stefnu í byggingarmálum í miðbænum, þ.e. út frá sínum þörfum, enda er það forsenda fyrir öllum samningaviðræðum, sem þurfa að hefjast sem fyrst miðað við þær tímasetningar sem fram hafa komið.

7.10.2 Langtímalausnir

Langtímalausn vegna menningarhúsnæðis í Sveitarfélaginu Árborg er að mati höfunda þessarar skýrslu bygging á fjölnota húsi í nýjum miðbæ við Ártorg á Selfossi, (Mynd 1) og umfjöllun í kafla 7.9. Mikilvægt er að sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að uppbygging á miðbæjarsvæðinu geti hafist og þetta sýnist vænlegasta leiðin til þess. Jafnframt því að hefja framkvæmdir í miðbænum mundi tiltekin húsnæðisvandi leysast í málaflokkum þar sem sveitarfélagið hefur ákveðnar lagaskyldur, t.d. vegna almenningubókasafns. Einnig fengist lausn á húsnæðiseklu fyrir ýmsa lista- og menningarstarfsemi sem ætlast er til að leyst sé á samfélagslegum grunni, eins og víða hefur komið fram í fyrri köflum skýrslunnar. Skýrsluhöfundar benda að lokum á þá möguleika sem geta falist í tengingu fjölnota húss við frekari uppbyggingu háskólastarfsemi á Selfossi eða aðra stofnanauppbyggingu. Samlegðaráhrif gætu falist m.a. í nýtingu á (sameiginlegu) bókasafni eins og fram kemur í

kafla 6.2 og lesaðstöðu auk veitingastarfsemi, svo og aðstöðu fyrir fyrirlesta og ráðstefnuhald. Staðsetning fjölnota menningarhúss í miðbæ Selfoss gæti þannig haft aðdráttarafl fyrir aðra starfsemi og stuðlað að frekari uppbyggingu þar. Væri það í samræmi við nokkur meginmarkmiða þeirrar samkeppni um skipulag miðbæjar Selfoss sem fór fram árið 2006 og fjallað var um í kafla 3.2 í skýrslu þessari.

HEIMILDIR

- Alta. (2003). „Brú milli byggða“. *Íbúafing í Sveitarfélaginu árborg. Greinargerð um niðurstöður íbúafinga*. KópavogiKópavogur: Alta ehf.
- Andrés Sigurvinsson (2008, 28. ágúst). *Athugasemdir frá Ástu Stefánsdóttur, bæjarritara*. Tölvupóstur 28. ágúst 2008.
- Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands (2004). Stefna í menningarmálum á Suðurlandi. Tillögur samstarfshóps á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. Selfoss: Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.
- Ágúst Einarsson. (2004). *Hagræn ábrif tónlistar*. Reykjavík, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
- Blakely, E. J. (1989). *Planning Local Economic Development*. London: Sage Publications.
- Florida, Richard. (2002). *The rise of the Creative Class and How It's Transforming Work, Leisure, Community and Everyday Life*. New York, Basic Books.
- Glugginn (2008, 10. apríl). *Háskólasetur á Selfossi*. Glugginn, gagnasafn.
- Margrét Ásgeirsdóttir, Friðrik Erlingsson, Andrés Rúnar Ingason, Björn Ingi Bjarnason, Kjartan Björnsson og Andrés Sigurvinsson. (2008). *Greinargerð stýriþóps um menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar*. Selfoss, Sveitarfélagið Árborg.
- Menntamálaráðuneytið, samstarfshópur (2000). *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Njörður Sigurjónsson, (2007, október). *Menningin til höfuðs kapitalismanum*, fyrirlestur á ráðstefnunni Menning sem atvinnugrein, Bifröst Borgarbyggð.
- Putnam, Robert R. D. (1996). Who Killed Civic America? *Prospect*, marshefti.
- Ragna Þóra Ragnarsdóttir (xxxxán ártals). Eignaskiptayfirlýsing Eyravegur 2, Árborg.
- Raymond, Williams. (1976). *Keywords. A Vocabulary of Culture and Society*. London.
- Reykjavíkúrákademían. (2006). *Samstarf í menningarmálum*, skýrsludrög 24. apríl 2006. Reykjavík.: Reykjavíkúrákademían.
- Sveitarfélagið Árborg (2007a). *Samkeppni um miðbæ á Selfossi - greinargerð dómnefndar*. Selfoss: Sveitarfélagið Árborg.
- Sveitarfélagið Árborg og ASK arkitektar (2007b). *Selfoss miðbær. Deiliskipulag. Greinargerð og skilmálar, 28.06.2007. Útgáfa 0.1*. Selfoss: Sveitarfélagið Árborg og ASK arkitektar.
- Sveitarfélagið Árborg. (án ártals). *Menningarstefna Sveitarfélagsins Árborgar 2008-2009*. Selfoss: Sveitarfélagið Árborg.

VIÐMÆLENDASKRÁ

- Andrés Rúnar Ingason, formaður lista- og menningarnefndar Árborgar.
- Andrés Sigurvínsson, verkefnisstjóri Íþróttá-, forvarna- og menningarmála, Árborg.
- Ásbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri Hótel Selfoss.
- Benedikt Guðmundsson, framkvæmdastjóri Draugasetrinu og Álfa-, trölla- og norðurljósasetrinu, Stokkseyri.
- Bergsveinn Halldórsson, verkefnastjóri eignadeildar, Árborg.
- Björn Ingi Bjarnason, fyrrverandi eigandi Hólmarastar.
- Bryndís Brynjólfsdóttir, stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Tryggvaskála.
- Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands
- Elfar Guðni Þórðarson, listmálari, Stokkseyri.
- Eygerður Þórisdóttir, formaður Kvenfélags Eyrarbakka.
- Gísli Jónsson, formaður Karlakórs Selfoss
- Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður Leikfélags Selfoss.
- Guðmundur Elíasson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og veitusviðs, Árborg.
- Guðmundur Karl Sigurdórsson, ritstjóri Sunnlenska fréttablaðsins.
- Gylfi Þorkelsson, bæjarfulltrúi, Árborg.
- Hrönn Baldursdóttir, starfsmaður í Iðu.
- Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga.
- Inga Lára Baldvinsdóttir, sagn- og fornleifafræðingur, Eyrarbakka.
- Ingibjörg Stefánsdóttir, fyrrverandi formaður Samkórs Selfoss.
- Jón Hjartarson, forseti bæjarstjórnar Árborgar.
- Kjartan Björnsson, lista- og menningarnefnd Árborgar.
- Kolbrún Káradóttir, formaður Jórúkórsins
- Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga.
- Magnús Garðarsson, tæknifræðingur hjá Fasteignum Akureyrarbæjar.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður.

Margrét I. Ásgeirsdóttir, yfirbókavörður Árborgar.

Már Ingólfur Másson, lista- og menningarnefnd Árborgar.

Ólafur Þórarinsson, tónlistarmaður

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar.

Sigrún Jónsdóttir, lista- og menningarnefnd Árborgar.

Sjöfn Haraldsdóttir, listamaður, Stokkseyri.

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Torfi Áskelsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi Árborg.

Tómas Jónsson, kirkjuvörður.

Þorvaldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs Árborgar.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri SASS

Þóra Þórarinsdóttir, ritstjóri Gluggans.

Þórir Erlingsson, veitingamaður, Eyrarbakka.

Viðauki 1. Samstarfssamningur um stuðning Sveitarfélagsins Árborgar við Lista- og menningarverðstöðina Hólmaröst.

*í gildi /
Sveitarstjórn*

0410 077
2.15.3

Samstarfssamningur

Aðilar: Lista- og menningarverstöðin ehf kt.: 650504-2750
Sveitarfélagið Árborg kt.: 650598-2029

1. Markmið þessa samnings er að efla menningarlega viðleitni og listsköpun í sveitarfélaginu og styrkja frumkvæði Menningarverstöðvarinnar við að byggja upp aðstöðu til listflutnings á Stokkseyri.
2. Menningarverstöðin veitir Sveitarfélaginu Árborg afnot af aðstöðu til samkomuhalds í "Hólmarastarhúsinu" alls 20 daga/kvöld á ári. Afnotin eru miðuð við félagsstarf félaga, tónleika kóra og hljómsveita, leiksýningar og skilda starfsemi félaga, sem starfa á áhugamanna grundvelli og njóta styrkja frá sveitarfélaginu. Einnig falla undir samninginn samkomur tónlistarskóla, grunnskóla, leikskóla, vinnuskóla sveitarfélagsins og móttökur á vegum sveitarfélagsins.
3. Sveitarfélagið Árborg veitir Menningarverstöðinni mánaðarlegan styrk að fjárhæð kr. 100.000 frá og með 1. febrúar 2005
4. Menningarnefnd Árborgar sér um að skipuleggja afnot af samkomusölum og annarri aðstöðu sem nauðsynleg er til samkomuhalds samkvæmt samningi þessum. Menningarnefndin setur sér vinnureglur um úthlutunina og auglýsir eftir umsóknunum.
5. Verkefnisstjóri íþróttá- forvarna- og menningarmála fer með samskipti sveitarfélagsins og Menningarverstöðvarinnar í umboði menningarnefndar Árborgar.
6. Menningarverstöðin tryggir að nauðsynleg leyfi til samkomuhalds, sem samningur þessi tekur til, séu fyrir hendi í samræmi við lög og reglugerðir.
7. Samningur þessi gildir í 12 mánuði frá undirskriftardegi og framlengist í 12 mánuði í senn sé honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með þriggja mánaða fyrirvara.

Stokkseyri 6. mars 2005

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Emilia Njáll



f.h. Lista- og menningarverðstöðvarinnar ehf.

Ólafur S. Ólafsson

Þjain Ingi Þjörmann